FRÉTTABLAÐIÐ

78. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 2. APRÍL 2019



Verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur gerðu harða atlögu að því að ná kjarasamningum í gærkvöldi. Það hafði ekki tekist þegar blaðið fór í prentun en samkomulag náðist um að aflýsa verkfallsaðgerðum VR og Eflingar á hótelum og hjá rútufyrirtækjum. Þungt var yfir Vilhjálmi Birgissyni, varaforseta ASÍ, á milli funda í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Verkföllum í ferðaþjónustu aflýst en viðræðum ólokið

**Boðuðum verkföllum VR og Eflingar á hótelum og hjá rútufyrirtækjum var aflýst á samningafundi hjá ríkissáttasemjara í gær. Kjarasamningar eru þó ekki í höfn og segir formaður VR að stjórnvöld þurfi að koma enn frekar að málum til að samningar takist.**

KJARAMÁL Samkomulag náðist á samningafundi Samtaka atvinnulífsins og sex verkalýðsfélaga í gærkvöldi um að aflýsa boðuðum verkföllum félagsmanna VR og Eflingar á hótelum og hjá rútufyrirtækjum.

Þetta var ákveðið eftir að ákveðinn árangur hafði náðst í viðræðunum sem þó er enn ólokið.

Hins vegar var verkfalli strætóbílstjóra, sem eru félagsmenn í Eflingu, ekki aflýst.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagði í gærkvöldi að þótt þessi áfangi hefði náðst væru samningar ekki alveg í höfn. „Eigum við ekki að segja að þetta sé að nálgast en þetta er svo sannarlega ekki í höfn. Ef við

> **Eigum við ekki að segja að þetta sé að nálgast en þetta er svo sannarlega ekki í höfn.**
>
> Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

náum samningi í kvöld [gærkvöld] þá eru stjórnvöld eftir.“

Samningafundur stóð enn þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi en hann hófst klukkan hálf tíu í gærmorgun. Var þetta áttundi dagurinn í röð sem samningsaðilar hittust en fundað var stíft alla helgina.

Þegar leið á gærdaginn voru fleiri aðilar boðaðir til ríkissáttasemjara. Þannig kom Drífa Snædal, forseti ASÍ, á fundinn auk forystumanna Starfsgreinasambandsins en 16 aðildarfélög þess eiga einnig í viðræðum við Samtök atvinnulífsins.

Skömmu fyrir klukkan hálf sjö í gærkvöldi var öllu fjölmiðlafólki vísað út úr húsakynnum ríkissáttasemjara þar sem viðvera þeirra þótti hafa truflandi áhrif á viðræðurnar. Þá voru rúmlega fimmtíu manns komnir til fundarhalda úr baklandi og samninganefndanna.

Fjölmargar strætóferðir á höfuðborgarsvæðinu féllu niður í gær vegna verkfallsaðgerða bílstjóra Almenningsvagna Kynnisferða. – sar

## Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðrún Hafsteinsdóttir skrifar um mikilvægi iðnaðarins. 16

SPORT Úrslitakeppnin í Domino's-deild kvenna hefst í kvöld þegar Keflavík tekur á móti Stjörnunni og Valur mætir KR. 10



TÍMAMÓT Að sjá hið ósýnilega er ný íslensk heimildarmynd um konur á einhverfurófi. 12

LÍFIÐ Bragi Árnason komst með hugleiðslu í samband við sinn innri marbendil. Glíman við þann innri djöful varð að söngleiknum þegar öllu er á botninn hvolft. 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● BÍLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Innanlandsflug frá 8.195 kr.




Bókaðu núna á airicelandconnect.is

Air Iceland Connect

## Veður




Fremur hæg suðlæg eða breytileg átt og él, einkum sunnan til á landinu. Snjókoma eða él um landið norðanvert, en léttir til sunnanlands, frost 0 til 5 stig. Mun hvassara í vindstrengjum suðaustan til. Lægir síðdegis, styttir upp og kólnar meira og bjartviðri S- og V-til. SJÁ SÍÐU 16



**Akranesferjan sigldi í hálft ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Greiddu með hverjum farþega

**SAMGÖNGUMÁL** Kostnaður Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar við hvern farþega í tilraun með siglingar þeirra á milli árið 2017 nam átta þúsund krónum. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að betur hefði farið á því að niðurgreiða almenningssamgöngur á landi.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram fyrirspurn í borgarráði í febrúar þar sem óskað var upplýsinga um fjölda farþega í flóasiglingum Sæferða árið 2017.

Um var að ræða samning milli Sæferða ehf., borgarinnar og Akraneskaupstaðar um tilraunaverkefni til hálfs árs þar sem sveitarfélögin tvö lögðu alls 30 milljónir króna til stuðnings verkefninu.

Svar barst á fimmtudag þar sem segir að frá og með júní til og með nóvember 2017 hafi ferjan flutt alls 3.652 farþega. Góður rómur var gerður að ferjusiglingunum meðal notenda á sínum tíma en verkefnið sigldi í strand. Ferjan stóðst ekki kröfur og var skilað til Noregs.

Fulltrúum Sjálfstæðisflokksins svíður kostnaðurinn og reiknast þeim til að sveitarfélögin hafi, miðað við farþegafjölda, greitt 8.050 krónur með hverjum sæfara og segja í bókun:

„Þessir fjármunir hefðu nýst betur í almenningssamgöngur á landi, enda er hér mikil niðurgreiðsla á hvern farmiða.“ – smj

## Aprílgabb veðurguðanna




**Það má fullyrða að mörgum hafi brugðið rækilega í brún að sjá veturinn mættan aftur í byrjun apríl. Má segja að snjókoman í gær hafi verið aprílgabb af hálfu íslenskrar veðráttu. Sem betur fer mun hitinn mjakast upp á við næstu daga, svo er sumarið handan við hornið.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Róbert kjörinn varaforseti MDE

**DÓMSMÁL** Róbert Spanó var kjörinn varaforseti Mannréttindadómstóls Evrópu í gær. Allir 47 dómarar réttarins tóku þátt í kosningu milli hans og portúgalska dómarans Paulo Pinto de Albuquerque, sem hefur verið dómari við réttinn tveimur árum lengur en Róbert.



**Róbert Spanó.**

Róbert hefur verið dómari við réttinn frá árinu 2013 og var kjörinn forseti sinnar dómdeildar í maí 2017.

Nýr forseti dómstólsins var einnig kjörinn í gær, hinn gríski Linos-Alexandre Sicilianos, sem gegnt hefur stöðu varaforseta við dóminn frá árinu 2017. Hann tók sæti við réttinn í maí 2011 og á því rúmlega ár eftir af tímabili sínu þar. – aá






# Eftirlitsnefnd vill svör frá Reykjavíkurborg

**Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vill fá svör frá Reykjavíkurborg um atriði sem koma ekki fram í Braggaskýrslunni. Oddviti Sjálfstæðisflokksins segir aðeins búið að bæta úr sex atriðum af þrjátíu á þremur árum.**

**BORGARMÁL** Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sent Reykjavíkurborg bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum sem koma ekki fram í skýrslu innri endurskoðunar borgarinnar um Braggamálið svokallaða. Bréfið kom fram á fundi borgarráðs fyrir helgi og er nú á borði fjármálaskrifstofu borgarinnar sem hefur 30 daga til að bregðast við.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir sjaldgæft að eftirlitsnefndin þurfi að óska eftir upplýsingum um einstök mál frá sveitarfélögum. „Þarna er verið að kalla eftir ástæðum þess að ekki var brugðist við ábendingum innri endurskoðunar um útgjöld. Í Braggamálinu var farið langt fram úr heimildum og ef það hefði verið farið eftir þessum ábendingum þá hefði Braggamálið og önnur slík ekki getað komið fyrir,“ segir Eyþór. „Eftirlitsnefndin, ég og margir borgarbúar viljum vita hvernig þetta gat gerst þegar það var búið að benda á að málin voru í ólestri.“

Í úttekt innri endurskoðunar frá 2015 um Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, sem hafði umsjón með framkvæmdunum á Nauthólsvegi 100, voru settar fram ábendingar um atriði sem mættu betur fara. Í Braggaskýrslunni svokölluðu, sem kom út rétt fyrir jól, kom fram að ekki hefðu verið gerðar fullnægjandi úrbætur vegna ábendinganna frá 2015.

Vill því nefndin fá að vita hver eftirfylgnin hafi verið af hálfu innri endurskoðunar, hvort ábendingarnar hafi borist endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendum borgarinnar. Í bréfi sem sent var til borgarinnar í síðustu viku er einnig



**Eyþór segir að Braggamálið hefði ekki komið upp ef ábendingum innri endurskoðunar hefði verið fylgt þremur árum áður.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Eftirlitsnefndin, ég og margir borgarbúar viljum vita hvernig þetta gat gerst þegar búið var að benda á að málin voru í ólestri.**
>
> Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



óskað eftir upplýsingum um reglur sem heimila tilfærslu fjárheimilda milli verkefna og um gerð viðauka við fjárhagsáætlun.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar var með umsjón með Braggaverkefninu við Nauthólsveg 100 sem er búið að kosta meira en 400 milljónir. Ákveðið var í kjölfarið að leggja skrifstofuna niður þann 1. júní næstkomandi.

Enn er eftir að klára úrbætur varðandi langstærstan hluta ábendinganna. „Á þremur árum var bætt úr sex af þrjátíu,“ segir Eyþór. „Kerfið er orðið svo flókið að ekki er farið eftir ábendingum sem kerfið sjálft bendir á og boðleiðirnar eru orðnar svo langar að stór mál hreinlega gleymast.“

arib@frettabladid.is

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




**KELLOGG´S**
STAR WARS & INCREDIBLES
**199 kr.**




**SMOOTHIE**
VERÐ FRÁ
**107 kr.**

## VERIÐ VELKOMIN Í FAXAFEN 14




**OPIÐ TIL**
**22:00**
**ALLA DAGA**

SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14

# Sýslumenn berjast í bökkum um allt land

**STJÓRNSÝSLA** Rekstur sýslumannsembættanna hefur ekki verið í samræmi við fjárheimildir þau ár sem liðin eru frá því þeim var fækkað úr 24 niður í 9 árið 2015. Mikilvægt er að fjárhagsvandi sýslumanna verði leystur að mati Ríkisendurskoðunar sem skilaði skýrslu um samanburð milli sýslumannsembætta.

Í skýrslunni kemur fram að ekki hafi verið nægilega vel staðið að fjárhagslegum undirbúningi breytinganna og hvorki gerð nákvæm fjárhagsáætlun né langtímaáætlun um rekstur embættanna níu eftir breytinguna. Einnig hafi mat á skiptingu launakostnaðar milli nýrra embætta sýslumanna og lögreglu verið ónákvæmt en samhliða breytingunni varð aðskilnaður milli sýslumannsembætta og lögreglu og átta lögregluumdæmum um landið komið á fót.

Ljóst varð fljótlega eftir að breytingarnar komu til framkvæmda að illa horfði og í árslok 2015 var ákveðið að vinnuhópur fulltrúa ráðuneytis og sýslumanna færi yfir stöðuna til undirbúnings við gerð reiknilíkans fyrir rekstur embættanna. Þeirri vinnu var aldrei lokið en niðurstaða hópsins var sú að rekstur embættanna væri ekki sjálfbær. Þar munaði mestu um tæpar 235 milljónir króna sem vantaði upp á launakostnað embættanna fyrsta rekstrarár þeirra. Ástæður þessa taldi vinnuhópurinn stafa af vanmati á launakostnaði forstöðumanna samkvæmt úrskurði Kjararáðs, hagræðingarkröfu upp á 56 milljónir sem ógerningur væri að standa við án uppsagna sem eru óheimilar samkvæmt lögum og að ekki hafi verið gert ráð fyrir leiðréttingum á launakostnaði vegna kjarasamninga ársins.


Skúli Eggert Þórðarson.

Í fjárlögum fyrir árið 2015 var uppsafnaður halli felldur niður að hluta hjá öllum embættunum. En rekstur þeirra var enn í járnum árið 2016, enda stóðu þau enn frammi fyrir sama vanda það ár. **– aá**

## Sjávarsýn Bjarna fær 80 milljónir

**DÓMSMÁL** Sjávarsýn, félag Bjarna Ármannssonar, fær greiddar 80 milljónir króna frá íslenska ríkinu vegna ofsköttunar. Þetta var niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur sem felldi úr gildi úrskurði yfirskattanefndar og ríkisskattstjóra.


Bjarni Ármannsson.

Málið varðar kaup Sjávarsýnar á einkahlutafélaginu Imagine Investment árið 2007 í þeim tilgangi að fjárfesta í norsku fasteignafélagi og fjárfesti Sjávarsýn meðal annars í Glitni Property Holding AS fyrir um einn milljarð íslenskra króna.

Sjávarsýn og Imagine Investment sameinuðust árið 2012 undir nafni og kennitölu Sjávarsýnar. Þegar samruninn tók gildi voru eignir Imagine Investment tæpar 28 milljónir króna. Við sameininguna færði stefnandi yfirfæranlegt tap dótturfélagsins frá reikningsárunum 2008 og 2009 til frádráttar tekjum í skattframtölum sínum árin 2013 og 2014.

Ríkisskattstjóri taldi að samruninn hefði ekki verið gerður í eðlilegum rekstrartilgangi. Þá taldi ríkisskattstjóri að dótturfélagið hefði átt óverulegar eignir fyrir samrunann. Yfirskattanefnd staðfesti úrskurð Ríkisskattstjóra árið 2017 en nú hefur Héraðsdómur Reykjavíkur fellt úrskurðina úr gildi. **– þfh**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Betur gangi að manna skóla í hremmingum ferðaþjónustu

**Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar býst við að betur muni ganga að manna stöður í skólakerfinu nú þegar ferðaþjónustan rifar seglin.**


**Vonir eru bundnar við að hægt verði að manna fleiri stöður vegna breytinga í ferðaþjónustunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**ATVINNUMÁL** „Við horfum virkilega til þess að betur muni ganga að manna í skólum á næsta skólaári miðað við þessa breyttu stöðu í ferðaþjónustunni,“ segir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Fall WOW air og uppsagnir í ferðaþjónustunni sem og víðar hafa gert það að verkum að á annað þúsund manns eru nú án atvinnu og sér vart fyrir endann á þeim samdrætti. Hjúkrunarfræðingar voru eftirsóttur starfskraftur sem flugfreyjur en Vísir greindi frá því fyrir helgi að margar flugfreyjur sem misstu vinnuna hjá WOW air í síðustu viku hafi þegar sett sig í samband við Landspítalann með það fyrir augum að snúa aftur til fyrri starfa.

Helgi segir vitað mál að kennarar hafi líka verið eftirsóttir í hinum ýmsu störfum ferðaþjónustunnar. Og nú þegar kreppi að í þeim geira kunni að slakna á mannekluvandræðum. Þar á meðal í menntunar- og umönnunarstörfum.

„Í ýmsum störfum tengdum ferðaþjónustunni hefur þetta nám, bæði grunn- og leikskólakennara sem snýst svo mikið um mannleg samskipti, verið eftirsótt og þeir farið í störf í ferðaþjónustunni. Maður gerir nú ráð fyrir að einhverjir hugsi sér að koma til baka í starf á leikskólum og í grunnskólum og við erum að skoða málin og fylgjast með,“ segir Helgi vongóður um að betur muni ganga að manna stöður.

> **Við horfum virkilega til þess að betur muni ganga að manna í leik- og grunnskólum á næsta skólaári.**
>
> Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

„Það er bara alltaf þannig að þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar. Þegar byggingarkrönum og ferðamönnum fjölgaði var mikið um að starfsfólk færi frá okkur í önnur störf. Eða að fólk sem var að koma inn á vinnumarkaðinn horfði frekar til ferðaþjónustu en skólanna. En við þurfum auðvitað nýliðun líka.“

Helgi segir Íslendinga ekki þekkja langtímaatvinnuleysi í raun, það séu alltaf störf. Það bráðvanti fólk í menntunar- og umönnunarstörfin sem kunni nú að leita í jafnvægi. Helgi segir að á teikniborðinu hafi verið að auðvelda fólki að snúa aftur í kennarastarfið, hafi það verið lengi frá.

„Eitt af því sem verið hefur á teikniborðinu varðandi framtíðarmönnun í leik- og grunnskólum er að mýkja höggið með símenntunarnámskeiði. Þá hefði fólk á hraðbergi nýjustu strauma og stefnur í skólastarfi. Það er eitt af því sem við erum að horfa til.“ **mikael@frettabladid.is**






# Allar ríkisstofnanir skyldaðar til að leggja sitt af mörkum í loftslagsmálum

**LOFTSLAGSMÁL** Allar stofnanir ríkisins þurfa að vinna markvisst að því að kolefnisjafna starfsemi sína og ráðherra verður skyldugur til að láta vinna áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum á grundvelli bestu vísindalegrar þekkingar. Þetta er meðal þess sem kveðið er á um í nýju frumvarpi Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra sem hann lagði fram á Alþingi í gær.

„Frumvarpið er mikilvægt framlag til loftslagsmála hér á landi því með því styrkjum við umgjörð og stjórnsýslu loftslagsmála á Íslandi. Það sem er nýtt í frumvarpinu er í fyrsta lagi að skylda Stjórnarráðið, stofnanir hins opinbera og fyrirtæki í ríkiseigu til að setja sér loftslagsstefnu og grípa til aðgerða til að draga úr losun og kolefnisjafna starfsemi sína. Þetta markar tímamót og hefur margfeldisáhrif. Það er mikilvægt að hið opinbera sýni skýrt og jákvætt fordæmi í loftslagsmálum,“ segir Guðmundur Ingi.

> **Ég á von á mjög góðum viðbrögðum stofnana og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins við þessu – það vilja allir og þurfa allir að vera með.**
>
> Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra



Loftslagsráð, sem er skipað fulltrúm atvinnulífs, sveitarfélaga, umhverfissamtaka og háskólasamfélagsins, verður lögfest með frumvarpinu. Það á að leiðbeina stjórnvöldum um gerð áætlunar um hvernig megi aðlaga íslenskt samfélag óumflýjanlegum loftslagsbreytingum.

Guðmundur Ingi er vongóður um að allir nái að taka höndum saman. „Já, ég er mjög vongóður. Stjórnarráðið hefur í vetur unnið að loftslagsstefnu fyrir ráðuneytin og mun kynna hana nú í apríl. Sú vinna hefur gengið mjög vel og allir verið samtaka um að taka þátt. Ég á von á mjög góðum viðbrögðum stofnana og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins við þessu – það vilja allir og þurfa allir að vera með í loftslagsmálunum.“ **– ab**

# STAR WARS™

## A NEW HOPE

## Á BÍÓTÓNLEIKUM



**KVIKMYNDIN MEÐ LIFANDI TÓNLIST**

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **TED SPERLING**

**3., 4. OG 5. APRÍL**

**MIÐASALA Á SINFONIA.IS OG HARPA.IS**

TÓNLIST EFTIR **JOHN WILLIAMS**

"PRESENTATION LICENSED BY

DISNEY CONCERTS

IN ASSOCIATION WITH 20TH CENTURY FOX, LUCASFILM AND WARNER /CHAPPELL MUSIC."

© 2019 & TM LUCASFILM LTD. ALL RIGHTS RESERVED © DISNEY

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Er hvergi banginn á Blönduósi þrátt fyrir þung áföll síðustu daga

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrirtækið Glaðheimar á Blönduósi vinnur nú að því að reisa 400 fermetra bjálkahús sem nýtast á í ferðaþjónustu fyrirtækisins.

Húsið verður bæði þjónustu- og móttökuhús Glaðheima en einnig verða þar sjö gistirými. Framkvæmdastjóri Glaðheima er bjartsýnn þrátt fyrir áföll síðustu daga.

„Ég keypti nú þetta hús fyrir áramótin og því eru fréttir um fráfall WOW ekki að hafa áhrif á þessa uppbyggingu. Við klárum bara þessa fjárfestingu og stefnum á að þessu verði lokið um miðjan júlí og þá verður hægt að taka húsið í notkun,“ segir Lárus B. Jónsson, framkvæmdastjóri Glaðheima, sem rekur fyrir sjö hús fyrir alls 40 manns á svæðinu og tjaldstæðið á Blönduósi.

Húsið mun kosta í kringum 90 milljónir króna og því um nokkuð stóra fjárfestingu að ræða fyrir fyrirtækið. Ungverjar setja upp þetta finnska bjálkahús og eru sérþjálfaðir í uppsetningum á slíkum húsum. Lárus segir stöðu bókana góða hjá fyrirtækinu.

„Bókanir fyrir þetta sumar hér hjá okkur eru síst verri en í fyrra og því er ég bjartsýnn á framhaldið. Ísland verður ennþá ákjósanlegur kostur til að heimsækja,“ segir Lárus. „Ég er nú ekki búinn að bóka inn í þetta hús alveg strax en það er vonandi að hægt verði að nýta húsið í sumar.“ **– sa**



**Verið er að reisa 400 fermetra bjálkahús á Blönduósi.** MYND/RÓBERT D. JÓNSSON



**Alessandra Mussolini, barnabarn Benito Mussolini.** NORDICPHOTOS/AFP

## Mussolini karpar við Jim Carrey

**ÍTALÍA** Kanadíski stórleikarinn Jim Carrey átti væntanlega ekki von á því að fá viðbrögð frá barnabarni ítalska einræðisherrans Benito Mussolini þegar hann birti teikningu af Mussolini í snörunni um helgina. „Ef þið eruð að velta afleiðingum fasisma fyrir ykkur getið þið spurt Benito Mussolini og hjákonu hans, Clarettu,“ sagði í tísti Carreys með myndinni.

Alessandra Mussolini, barnabarn einræðisherrans, svaraði degi síðar og sagði að Carrey væri skíthæll. „Donald Trump forseti þarf ekki að hafa áhyggjur af pólitískum árásum aumingja Jims Carrey. Teikningar hans eru ómerkilegur pappír,“ tísti Mussolini svo og minnti einnig á atburði úr Bandaríkjasögunni á borð við þjóðarmorð á frumbyggjum.

Mussolini hefur setið á Evrópuþinginu frá árinu 2014 og sat þar áður á því ítalska fyrir Forza Italia, flokk Silvio Berlusconi. Sagði þó skilið við flokkinn á síðasta ári þegar hann ákvað að vera í andstöðu við núverandi ríkisstjórn. Hún er síður en svo óumdeild. Árið 2006 sagði transkonan og þingmaðurinn Vladi Luxuria að hún væri fasisti. Mussolini svaraði og sagðist frekar vilja vera „fasisti en kynvillingur“. **– þea**

## Fangelsi fyrir að drepa Kim

**MALASÍA** Hin víetnamska Doan Thi Huong var í gær dæmd í þriggja ára og fjögurra mánaða fangelsi í Malasíu fyrir að hafa orðið Kim Jongnam, hálfbróður norðurkóreska einræðisherrans Kim Jong-un, að bana án ásetnings. Samkvæmt malasískum lögum gæti hún hins vegar verið leyst úr haldi í maí, að því er kom fram á BBC, en hún hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því í febrúar 2017.

Huong var hins vegar ekki sakfelld fyrir morð. Við slíku broti er dauðarefsing í Malasíu. Í viðtali við BBC sagði stjúpmóðir hennar, Nguyen Thi Vy, að fjölskyldan væri afar ánægð og þakklát fyrir þann stuðning sem henni hefur verið sýndur.

Kim og Huong voru bæði stödd á flugvelli í Kúala Lúmpúr í febrúar 2017 þegar Huong lagði hendur sínar á andlit Kim. Hann veiktist samstundis og lést á leið á spítala úr eitrun. Huong hefur, ásamt Siti Aisyah sem var sýknuð af sama glæp í mars, alla tíð haldið því fram að þær hafi verið blekktar og þeim talin trú um að þær væru að taka þátt í raunveruleikaþætti. **– þea**

# Óhefðbundnar kosningar

**Grínisti fékk flest atkvæði í fyrstu umferð úkraínsku forsetakosninganna. Segist ekki hafa sterkar skoðanir og mun umkringja sig ráðgjöfum, verði hann forseti. Lítill árangur frambjóðenda hliðhollra Rússlandi.**

**ÚKRAÍNA** Útlit er fyrir að baráttan um sæti forseta í Úkraínu verði spennandi og jafnvel enn harðari nú þegar fyrri umferð kosninganna er að baki. Þegar 85 prósent atkvæða höfðu verið talin í gær hafði Volodíjmíjr Selenskíj, leikari og grínisti, fengið 30,35 prósent atkvæða og Petro Porosjenko, sitjandi forseti, 16,02 prósent. Þeir munu því etja kappi í síðari umferðinni. Eftir sitja Júlía Tíjmosjenko, fyrrverandi forsætisráðherra, og Júríj Bojko, fyrrverandi varaforsætisráðherra, með sárt ennið.

Seinni umferðin fer fram þann 21. apríl. Niðurstöður þeirra skoðanakannana þar sem spurt er um hvort svarendum hugnist frekar að kjósa Selenskíj eða Porosjenko eru á reiki. Í könnun Sociopolis frá því í febrúar mældist Selenskíj með 42 prósent gegn átján prósentum Porosjenkos en í könnun PPI frá sama tíma hafði Selenskíj 70 prósent gegn 30 prósentum Porosjenkos. Selenskíj virðist þó greinilega hafa yfirhöndina.

Selenskíj sagðist á kosninganótt afar ánægður en minnti á að sigurinn væri þó ekki unninn. Þetta væri aðeins fyrsta skrefið. Porosjenko lýsti niðurstöðunum hins vegar sem „erfiðri lexíu“ fyrir sig.

Kosningarnar eru með þeim einkennilegri. Sérstaklega í ljósi þess að Selenskíj hefur leikið hlutverk Úkraínuforseta í gamanþættinum „Þjónn fólksins“ á sjónvarpsstöðinni 1+1. Persóna hans varð óvænt forseti eftir að eldræða hennar gegn spillingu vakti lukku á veraldarvefnum. Því spurðu netverjar sig margir í gær hvort um aprílgabb væri að ræða þegar í ljós kom að Selenskíj hefði tekist að fá flest atkvæði í fyrri umferð kosninganna með því einmitt að tala gegn spillingu og auðjöfrum í úkraínsku samfélagi.

Aðdragandi kosninganna var sömuleiðis óhefðbundinn. Landsmenn hafa lengi deilt um hvort Úkraína skuli stilla sér upp við hlið Vesturlanda eða Rússlands. Árið 2004 mistókst Rússavininum Víktor Janúkovítjs að vinna forsetastólinn. Hann sneri hins vegar aftur árið 2010 og hafði betur gegn fyrrnefndri Tíjmosjenko. Hann stýrði landinu í fjögur ár, eða allt þar til honum var steypt af stóli í Euromaidan-byltingunni. Á lokadögum Janúkovítjs í embætti innlimuðu Rússar Krímskaga og átök við rússneska aðskilnaðarsinna, sem sagðir eru njóta stuðnings rússneska hersins, brutust út í Donbass í austurhluta landsins. Evrópusinninn og súkkulaðiauðjöfurinn Porosjenko tók svo við eftir kosningar og hefur staðið uppi í hárinu á Rússum.



**Leikarinn og grínistinn Selenskíj fékk flest atkvæði í fyrri umferð úkraínsku forsetakosninganna.** NORDICPHOTOS/AFP

**30%**

**prósent kusu Selenskíj í fyrri umferðinni.**

Það var þó ekki um neitt aprílgabb að ræða, þrátt fyrir óhefðbundinn aðdraganda og skáldlegar niðurstöður eru töluverðar líkur á því að grínisti verði næsti forseti landsins. Foreign Policy greindi stöðuna sem svo í vikunni fyrir kosningar að stjórnvöld í Rússlandi hlytu að vera ánægð með þá ringulreið sem nú ríkir í úkraínskum stjórnmálum. Þar minnti blaðamaður sömuleiðis á að Rússar gætu reynt að hafa óeðlileg afskipti af kosningunum og til dæmis gert tölvuárásir. Þannig gefið fjölmiðlum niðurstöður sem stangast á við opinberar niðurstöður og aukið á tortryggni. Áttatíu prósent Úkraínumanna töldu, samkvæmt miðlinum, að niðurstöðum yrði hagrætt.

Rússar áttu hins vegar enga sterka bandamenn í hópi frambjóðenda. Flestir úr flokki Selenskíjs eru Evrópusinnar, það eru Porosjenko og Tíjmosjenko einnig. Anatolíj Hrijtsenko, sem varð fimmti í kosningunum, er Evrópusinni og Íhor Smesjko, sjötta sæti, sömuleiðis.

Eini stóri frambjóðandinn sem telja má til Rússlandssinna var Júríj Bojko. Hann fékk 11,53 prósent atkvæða og vann sigur í tveimur fylkjum. Það er að segja í Donetsk og Luhansk, þar sem átökin við rússneska aðskilnaðarsinna standa yfir.

Erfitt er að segja hvað Selenskíj mun gera ef hann nær kjöri síðar í mánuðinum. Hann hefur sagst ætla að einbeita sér að því að vinna gegn spillingu. Annars hefur hann sjálfur sagst hafa fáar sterkar skoðanir á pólitískum málefnum. Ætlar þess í stað að umkringja sig sérfróðum ráðgjöfum.

Selenskíj er þó ekki óumdeildur. BBC fjallaði í gær um tengsl hans við ólígarkann Íhor Kolomojskíj, eiganda 1+1. Yfirvöld hafa ítrekað rannsakað hann fyrir meinta spillingu og Selenskíj er sagður strengjabrúða Kolomojskíjs. Því neitar leikarinn þó. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Meirihluti vill greiða leið deilisamgangna í borginni

**SAMGÖNGUR** „Þetta er í rauninni fararmáti sem vantar í flóruna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er komið mjög langt í mörgum öðrum borgum,“ segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, borgarfulltrúi Pírata og formaður skipulags- og samgönguráðs, um tillögu um deilisamgöngur sem rædd verður í borgarstjórn í dag.

Tillagan sem er lögð fram af flokkunum í meirihlutanum er í þremur liðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að skorað verði á ráðherra að fella burt takmarkanir á hámarksfjölda umhverfisvænna leigubíla á höfuðborgarsvæðinu.

**Deilisamgöngur eru samgöngumátar og þjónustur sem gera ráð fyrir því að fólk deili farartækjum.**

Í öðru lagi lýsi borgin því yfir að aðilar sem bjóði upp á leigu á reiðhjólum og léttum rafknúnum farartækjum séu velkomnir til Reykjavíkur.

Þriðji liður tillögunnar gengur út á að reglur um bílastæðafríðindi visthæfra deilibíla verði uppfærðar til að styðja við notkun þeirra.

„WOW var með hjólaleigu sem var mikið notuð en framhaldið með það er núna svolítið í lausu lofti. Við myndum vilja taka þetta lengra og gera á stærri skala þannig þetta sé hugsað fyrir íbúa. Við erum að hugsa um þessa notendamiðuðu nálgun,“ segir Sigurborg.

Hún segir deililausnir hafa þróast hratt undanfarið. Áður fyrr hafi fyrst og fremst verið um fastar stöðvar að ræða þar sem þurfti til dæmis að skila hjólinu aftur. Nú séu komin kerfi sem séu sveigjanlegri sem virki mjög vel.

Sigurborg segist bjartsýn á að tillagan fái jákvæð viðbrögð í borgarstjórn. „Þetta er hluti af samgöngumáta framtíðarinnar og verður það líka í Reykjavík.“

Markmið tillögunnar er að auðvelda aðilum sem reka þjónustu tengda deilisamgöngum að hefja starfsemi í borginni. „Við búum alltaf við það vandamál að vera fámenn og þurfum að vera svolítið spennandi fyrir utanaðkomandi aðila til að fá þá til að koma til okkar með sín kerfi og verkefni.“ **– sar**




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 04. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Vísindaglerþak



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Ein sorglegasta staðreynd vísindasögunnar er án efa æpandi ósýnileiki kvenna. Öldum saman voru dyr vísindanna lokaðar konum, og þegar þær fengu loks tækifæri til að athafna sig og blómstra í háskólum og á rannsóknarstofum voru framfarir þeirra og uppgötvanir oft og tíðum hunsaðar, eða jafnvel skráðar á karlkyns kollega þeirra.

Einhverjir halda því fram að það sé eðlilegt, í ljósi sögunnar, að nöfn merkra vísindakvenna séu ekki vel þekkt; enn eimi eftir af syndum feðranna. Þetta er þó ekki nema að hluta til rétt. Vissulega voru konur í náttúruvísindum færri á árum áður, en þær voru sannarlega til staðar og höfðu oft gríðarleg áhrif á sín fræðasvið. Þar á meðal eru Rosalind Franklin, sem tók þátt í uppgötvun DNA, Chien-Shiung Wu, sem var einn fremsti kjarneðlisfræðingur sögunnar, kvenréttindakonan Mary Putnam Jacobi sem var einn fremsti læknir sinnar kynslóðar og stjörnufræðingurinn Vera Rubin, sem spáði fyrir um tilvist hulduefnis. Þetta eru aðeins örfá dæmi um konur sem mótuðu náttúruvísindin, en eru engu að síður ekki jafn þekktar og karlkyns kollegar þeirra.

Líklega er besta dæmið um þau skökku kynjahlutföll sem lengi vel hafa einkennt vísindin að finna í árlegu vali Konunglegu sænsku vísindaakademíunnar á merkum framförum á sviðum læknisfræði, efnafræði og eðlisfræði. Frá því að fyrstu Nóbelsverðlaunin í efnafræði voru afhent árið 1901 hafa aðeins 5 konur fengið þessa miklu viðurkenningu, eða rétt rúmlega 2,8 prósent. Af þeim 210 sem fengið hafa Nóbelsverðlaun í eðlisfræði hafa aðeins þrjár konur fengið viðurkenningu, eða 1,4 prósent. Margar konur sem réttilega hefðu átt að fá Nóbelsverðlaun fyrir framfarir í vísindum hafa verið hlunnfarnar og karlkyns vísindamönnum, sem jafnvel byggðu rannsóknir sínar á uppgötvunum kvenkyns kollega sinna, var hampað á þeirra kostnað.

Hugsanlega er fjöldi Nóbelsverðlauna ekki besti mælikvarði á árangur kvenna á sviði náttúruvísinda, en sá fjöldi er að minnsta kosti vitnisburður um það hvernig hallar á konur, og aðra jaðarhópa, innan vísindanna.

Nægir að horfa til Háskóla Íslands þar sem konur hafa verið helmingur nemenda síðustu áratugi en karlar eru á sama tíma um 70 prósent prófessora. Hlutfall karla í prófessorastöðum á sviðum náttúruvísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði nálgast 90 prósent. Þegar aðrar æðri stjórnendastöður á þessum fræðasviðum eru skoðaðar blasir við svipuð mynd. Aðra birtingarmynd þess hvernig hallar á konur er að finna í úthlutun rannsóknarstyrkja. Ítrekað eru fleiri karlar sem fá úthlutað en konur, þó svo að bæði kyn sýni svipaðan árangur í rannsóknum. Þar sem mat á umsækjendum byggist að hluta á bakgrunni þeirra og fyrri rannsóknum, þá er líklegra að háskólafólk í æðri stöðum sæki um styrk, og líklegra að það fái úthlutað. Það verður því aldrei nóg að hampa vísindakonum sem skara fram úr. Það er sannarlega mikilvægt, en á sama tíma verður að skapa rétt umhverfi svo konur geti stundað vísindi á jafnréttisgrundvelli.

Það er barnaskapur að halda því fram að glerþakið sé ekki til staðar í hlutlægum heimi náttúruvísindanna. Á meðan kynin mætast ekki á jafningjagrundvelli er ástríðu og hæfileikum stórs hóps sóað, og samfélagið allt rænt mikilvægum tækifærum til framþróunar.

**Það er mikill barnaskapur að halda því fram að glerþakið sé ekki til staðar í hlutlægum heimi náttúruvísindanna.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Auðvelt skotmark**

**Það er ljótur plagsiður að ljúga að blaðamönnum og í raun grafalvarlegt hvort sem það er 1. apríl eða jóladagur. Blaðamenn eru einfaldlega berskjaldaðir þegar markvisst er logið að þeim og þá geta hafrarnir staðið jafn höllum fótum og sauðirnir eins og kom á daginn í gær þegar Heimkaup.is sendi út fréttatilkynningu um að bandaríski verslunarrisinn Target hefði keypt íslensku vefverslunina. Þá reyndust verðlaunuðu rannsóknarblaðamennirnir Steindór Grétar Jónsson og Jóhann Bjarni Kolbeinsson jafn auðveld skotmörk (e. target) og hver annar en þeir voru snöggir að snara falsfréttinni inn á vefi Stundarinnar og RÚV.**

**Ósýnileg leiðrétting**

**Heldur var þetta glatað gabb ef hugmyndin var að láta grunlaust fjölmiðlafólk „hlaupa“ apríl með þessum hætti. Viðbrögð vefmiðlanna að loknu gönuhlaupinu voru þó litlu skárri. Fréttirnar voru einfaldlega látnar hverfa sem hlýtur að teljast einhvers konar sögufölsun, jafnvel aprílgabb. Eftir að fréttir urðu lífrænt fyrirbæri á netinu er mjög móðins að bæta við þær eftir því sem fram vindur og upplýsa slíkt með ábendingu um að fréttin hafi verið uppfærð. Í þessu tilfelli hefði uppfærslan „fréttin var aprílgabb“ verið skömminni skárri en: 404-Síða finnst ekki.**

thorarinn@frettabladid.is

# Iðnaður er undirstaða



Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins

Enn á ný erum við minnt á það að stöðugleikinn, sú mikilvæga forsenda öflugs iðnaðar og blómlegs efnahags, er ekki sjálfgefinn í okkar efnahagslífi. Eftir fordæmalausa hagsveiflu sjáum við skýr merki kólnunar í hagkerfinu. Verðmæti verða til í atvinnulífinu og undirstöðuna þarf að styrkja svo meira verði til skiptanna.

Við sem stöndum í fylkingarbrjósti á vinnumarkaði vitum að leysa verður úr kjaradeilunni. Atvinnurekendur vilja að sjálfsögðu geta greitt starfsfólki sínu góð laun og öll viljum við að fólk geti lifað góðu lífi á Íslandi. Við sitjum líka í sömu súpunni, Íslendingar, sama hvað á dynur. Það er sameiginlegt verkefni okkar, launþega og atvinnurekenda, að sjá til þess að hér sé heilbrigt og gott atvinnulíf með tilheyrandi störfum og verðmætasköpun. Fyrir því eigum við að tala en því miður gleymist þetta oft. Þetta skiptir máli því nóg er af úrtöluröddum þeirra sem vilja ala á sundurlyndi.

Á þeim tíma sem Samtök iðnaðarins voru stofnuð fyrir 25 árum var takmarkaður skilningur á mikilvægi iðnaðarins. Einhæfni atvinnulífsins var sláandi. Margir litu svo á að Ísland væri óáhugavert til fjárfestinga, við vorum land lítillar framleiðni og samkeppnishæfnin var döpur. Öll árin frá stofnun hafa samtökin sett á oddinn að berjast fyrir bættri framleiðni og aukinni samkeppnishæfni.

Nú eru Samtök iðnaðarins stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi. Rödd iðnaðar er skýr og innan samtakanna er unnið mikið og gott starf. Á síðasta starfsári samtakanna hafa sigrar unnist á sviði menntunar, nýsköpunar, innviða og starfsumhverfis sem vert er að fagna og hafa samtökin lagt sín lóð á vogarskálarnar til að efla samkeppnishæfni landsins. Samstöðumátturinn skilar sér. Skýr sýn, fumlaus framkvæmd og markviss eftirfylgni leiðir til raunverulegra umbóta og leggur grunn að auknum lífsgæðum. Með því að halda áfram á þeirri braut eykst verðmætasköpun og meira verður þar af leiðandi til skiptanna. Þannig verður Ísland eftirsótt til búsetu og atvinnurekstrar.

**Skýr sýn, fumlaus framkvæmd og markviss eftirfylgni leiðir til raunverulegra umbóta og leggur grunn að auknum lífsgæðum.**

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum



ARTASAN
www.artasan.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Nær öllum lífeyrissjóðnum mínum stolið



Jökull Arngeir Guðmundsson

Nærri hver króna sem mér er talin greidd á greiðsluseðlum frá lífeyrissjóðnum mínum er dregin til baka ýmist með sköttum eða gerð óvirk með skerðingum Tryggingastofnunar ríkisins. Greiðsla frá lífeyrissjóðnum er núna kr. 105.061 á mánuði og að frádregnum tekjuskatti upp á kr. 30.182 fæ ég greitt inn á minn reikning kr. 74.879. Þá tekur við ný skattheimta í formi skerðingar á ellilífeyri mínum frá samfélagssjóði þjóðarinnar, en í hann hef ég greitt tekjuskatt af launum mínum frá því að ég fór að geta tínt fisk upp í kassa við löndun úr togara eða breitt saltfisk til sólþurrkunar á reit. Ég vissi ekki betur en friðhelgi þess hluta samfélagssjóðs sem ætlaður er til greiðslu ellilífeyris væri tryggður í stjórnarskránni okkar sem hvorki virðist vera hægt að bæta né endurnýja.

Skerðingin vegna 74.000 krónanna frá lífeyrissjóðnum veldur því að ég fæ hver mánaðamót í raun aðeins að njóta um 10 til 20 þúsund króna af lífeyrisrétti sem ég ávann mér allt frá stofnun lífeyrissjóðsins til minna starfsloka. Ég hef ekki fundið heimildir í lögum um lífeyrissjóði fyrir reglugerð sem skerðingin gæti byggist á.

Er nema von að mönnum blöskri ósvífni stjórnvalda að læða sograna sínum þannig inn í þá sparisjóði landsmanna sem þessi sömu stjórnvöld hafa með lögum skyldað þegna sína til að leggja hluta launa sinna í, og þannig jafnvel komið í veg fyrir að þeir sem lægst hafa laun geti komið sér upp eigin húsnæði.

Þegar Tryggingastofnunin er spurð um skerðingarnar er viðkvæðið strax að það sé aldeilis ekki skert um krónu á móti krónu, nei nei, heldur bara svona 40-50%, en þegar betur er að gáð þá reikna þeir skerðinguna > 45% af 105.000 króna upphæðinni og svo dregst útkoman í raun frá 74.000 kr. upphæðinni. Er ekki skerðingin þannig farin að nálgast 100%?

**Hvert það stjórnvald sem brýtur lög á þegnum sínum, hlýtur að teljast heppið ef það sleppur með það að lofa því að hætta þeirri iðju.**

Ekki er ekki öll sagan sögð. Frá stofnun lífeyrissjóðanna og fram til ársins 1988 var greiddur tekjuskattur af iðgjöldunum, en það ár var lögum breytt og skattgreiðslum frestað þar til lífeyrisþegar færu að fá lífeyrinn greiddan, og nú geta því stjórnvöld í annað sinn náð tekjuskatti af þeim hluta iðgjaldsins sem greiddur var skattur af fyrir 1988 og svo skattlagt ávöxtun okkar í leiðinni.

Lífeyrissjóðirnir eru skilgetin afkvæmi verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Allt frá upphafi var skýrt tekinn fram sá tilgangur sjóðanna að þeir skyldu verða viðbót við lífeyrinn sem sjóðfélagarnir ættu rétt á frá samfélagssjóðnum, og þó hafi verið samþykkt lög á Alþingi um starfsemi lífeyrissjóðanna þá standa þessi orð enn óbreytt í yfirskrift stofnskrárinnar og þannig hefur þessi yfirlýsti tilgangur tvímælalaust öðlast lagagildi.




Áðurnefndir foreldrar sjóðanna ættu nú að sjá sóma sinn í því að verja afkvæmi sín fyrir ániðslu stjórnvalda og upptöku á útborgun sjóðfélaganna um hver mánaðamót.

Nú er lag til að segja „hingað en ekki lengra“ við fulltrúa stjórnvalda þegar þeir mæta til viðræðna við samningaborðið hjá sáttasemjara ríkisins. Hvert það stjórnvald sem brýtur lög á þegnum sínum hlýtur að teljast heppið ef það sleppur með það að lofa því að hætta þeirri iðju.

Ég legg til að ein af kröfunum til stjórnvalda verði að skerðingum vegna lífeyrissjóðsgreiðslna verði hætt strax að lokinni undirskrift kjarasamninganna.

Ég trúi að Grái herinn muni standa með ykkur ef í harðbakkann slær.

# Látum ekki blekkjast



Valgerður Sigurðardóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Það er ákveðin list að láta ekki blekkjast af öllu því sem skrifað er í fjölmiðla nú til dags. Oft eru vísurnar hálfkveðnar eða hreinlega farið með ósannindi. Því þurfa lesendur skoðanadálka í fjölmiðlum stöðugt að vera á varðbergi og vakandi fyrir réttum staðreyndum, en ekki er ráðlagt að trúa öllu sem sagt er eða skrifað. Og það á við um t.d. skoðanagrein Einars Kárasonar, rithöfundar og sitjandi þingmanns Samfylkingarinnar, en hann ritaði pistil í Fréttablaðið í síðustu viku undir fyrirsögninni „Látum ekki blekkjast af níðinu um borgarstjórn“.

Einari er í þessu samhengi bent á að sumum staðreyndum er óhætt að treysta. Það á t.d. við um staðreyndir um fallna dóma í héraðsdómi og Hæstarétti, álit umboðsmanns Alþingis, úrskurði sem kveðnir eru upp af opinberum aðilum og skýrslur sem innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar gerir.

Ég vil því benda Einari góðfúslega á að frá því að Viðreisn reisti meirihluta Samfylkingar, Vinstri grænna og Pírata við hafa meðal annarra eftirfarandi dómar, úrskurðir og/eða álit fengið að líta dagsins ljós:

- Hæstiréttur staðfesti að borgin snuðaði öryrkja um bætur.
- Héraðsdómur felldi dóm um störf skrifstofustjóra borgarstjórans.
- Umboðsmaður Alþingis gaf út álit á brotum borgarinnar í húsnæðismálum Félagsbústaða.
- Ólöglega var staðið að ráðningu borgarlögmanns að mati Jafnréttisstofu.
- Svört skýrsla Borgarskjalasafns um skjalamál borgarinnar var gerð opinber á síðasta ári.
- Innri endurskoðun borgarinnar gerði skýrslu um 300 milljóna kr. framúrkeyrslu Félagsbústaða sem leiddi til þess að framkvæmdastjórinn sagði starfi sínu lausu.

**Háttvirti þingmaður Samfylkingar Einar Kárason ætti e.t.v. að kynna sér staðreyndir í stað þess að vaða fram á ritvöllinn með órökstuddum dylgjum um blekkingar, þar sem hann gerir tilraun til að slá ryki í augu borgarbúa.**

- Skýrsla innri endurskoðunar um braggamálið kom út í desember í fyrra.
- Álit Persónuverndar um að borgin hafi brotið persónuverndarlög í aðdraganda kosninganna.

Er ástæða til telja upp meira?

Háttvirti þingmaður Samfylkingar Einar Kárason ætti e.t.v. að kynna sér staðreyndir í stað þess að vaða fram á ritvöllinn með órökstuddum dylgjum um blekkingar, þar sem hann gerir tilraun til að slá ryki í augu borgarbúa. Eða tekur þingmaðurinn kannski ekki mark á Hæstarétti, héraðsdómi, umboðsmanni Alþingis, Persónuvernd og/eða innri endurskoðun Reykjavíkurborgar?

NÝR FORD
TRANSIT CONNECT

FLOTTARI OG BETRI!

Með nýtt útlit bæði að innan sem utan og tæknilegri en nokkru sinni áður hefur nýi Transit Connect þróast á næsta stig hvað varðar þægindi og öryggi.

Staðalbúnaður er mjög ríkulegur og má þar nefna upphitanleg framsæti, Webasto olíumiðstöð með tímastilli (standard heitur á morgnana), upphitanlega framrúðu, Easy Fuel eldsneytisáfyllingu, spólvörn, brekkuaðstoð og margt fleira.

VERÐ FRÁ:
2.250.000 KR. ÁN VSK
2.790.000 kr. með VSK.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Valskonur eru illviðráðanlegar

**Úrslitakeppnin í Domino's-deild kvenna hefst í kvöld þegar Keflavík tekur á móti Stjörnunni. Nágrannarnir Valur og KR mætast í seinna einvíginu og er erfitt að sjá að nýliðar KR standi í öflugu liði Vals.**

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppnin hefst í Domino's-deild kvenna í kvöld þegar Keflavík mætir Stjörnunni suður með sjó í fyrsta leik degi áður en Valur og KR mætast í Origo-höllinni. Liðin þurfa að vinna þrjá leiki til að komast í úrslitin þar sem Valskonur léku í fyrra. Stjarnan er eina liðið í úrslitakeppninni sem hefur aldrei leikið til úrslita en síðan úrslitakeppnin var tekin upp árið 1993 hefur Stjarnan aðeins komist einu sinni í úrslitakeppnina og var þá sópað í sumarfrí af Snæfelli fyrir tveimur árum.

Eftir óvænt tap fyrir Skallagrími á heimavelli undir lok janúar settu Garðbæingar í gír. Í síðustu tólf leikjunum í deildarkeppninni vann Stjarnan tíu og komu tapleikirnir tveir gegn Valsliðinu sem ekkert lið virtist geta stöðvað í deildarkeppninni. Meðal þessara tíu sigra er 22 stiga sigur á Keflavík í Garðabænum en liðin unnu sína tvo leikina hvort í deildarkeppninni.

Keflavík er sigursælasta liðið í sögu Íslandsmótsins með sextán titla og vann fimm af síðustu sex leikjum sínum í deildinni eftir tapið í Garðabænum.

Fréttablaðið fékk Ólöfu Helgu Pálsdóttur, þjálfara Hauka, til að spá í spilin fyrir einvígin tvö. Ólöf telur að það verði meiri spenna í einvígi Keflvíkinga og Stjörnunnar.

„Fyrir utanaðkomandi er meiri pressa á Keflavík en ég held að Garðbæingar séu líka með miklar væntingar. Þær eru með frábært lið, öflugar í vörn og með stórhættulegar skyttur. Svo hefur Bríet Sif tekið miklum framförum og fært liðið upp um eitt þrep í vetur."

Aðspurð sagði Ólöf að það kæmi sér ekki á óvart að þetta einvígi færi í oddaleik.

„Mér finnst Keflavík líklegri en ég held að það verði framlengingar og að þessi sería fari í oddaleik. Það verður líka gaman að sjá systurnar Bríeti og Söru Rún berjast, ég er mjög spennt fyrir þessu einvígi."

Í seinni leiknum taka deildar- og bikarmeistarar Vals á móti nýliðum KR. Valsliðið er í leit að fyrsta Íslandsmeistaratitlinum í sögu félagsins eftir að hafa horft á eftir titlinum í oddaleik gegn Haukum í fyrra og þykir ansi líklegt til þess


Helena Sverrisdóttir hefur gjörbreytt leik Vals sem er ríkjandi deildar- og bikarmeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**»Með Helenu innanborðs hefur Valur unnið 22 af 23 leikjum sínum. Eina tapið kom gegn KR undir lok nóvembermánaðar.**

að vinna þrefalt í ár. Innkoma Helenu Sverrisdóttur hefur gjörbreytt liðinu sem var eitt af þeim bestu í landinu í það langbesta.

KR er næstsigursælasta liðið í sögu deildarinnar með fjórtán titla og var lengi vel í baráttunni um deildarmeistaratitilinn í vetur. Þetta var fyrsti vetur KR í efstu deild á nýjan leik eftir stutt stopp í næstefstu deild og var KR við toppinn framan af vetri en fataðist flugið á lokasprettinum.

KR er þó eina liðið sem hefur unnið Val með Helenu innanborðs í vetur undir lok nóvember sem er síðasta tap Vals í öllum keppnum.

„Valskonur eru illviðráðanlegar., þær eru bæði með frábært lið og á mikilli siglingu. Það þyrfti eitthvert kraftaverk til að koma þeim úr gír og það er erfitt að sjá KR ætla að stoppa Valsliðið," sagði Ólöf, aðspurð út í hið ógnarsterka Valslið.

Eftir að hafa verið einum leik frá Íslandsmeistaratitlinum í fyrra bætti Valur við einni bestu körfuknattleikskonu Íslandssögunnar í haust, Helenu Sverrisdóttur og hafa Valskonur verið svo gott sem óstöðvandi.

„Valur var með frábært lið fyrir en þegar Helena kemur inn í þetta færir hún þetta á næsta stig."

Aðspurð sagði Ólöf að KR gæti stolið leik en taldi að þetta yrði öruggur sigur hjá Val.

„KR hefur spilað mikið á færri leikmönnum og það hefur haft áhrif að undanförnu að lykilleikmennirnir virðast vera þreyttir. Mann langar að sjá KR bíta til baka og þær eru með lið til að stela sigri en ef ég ætti að spá um úrslitin í einvígi Vals og KR myndi ég telja 3-0 sigur Vals í einvígu líklegar lokatölur," sagði Ólöf Helga.

kristinnpall@frettabladid.is

# Öruggur sigur á svellinu í fyrsta leik í Rúmeníu

**ÍSHOKKÍ** Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí vann fyrsta leik sinn í B-riðli annarrar deildar á Heimsmeistaramótinu gegn Rúmeníu í Brasov í gær. Þetta er annað árið í röð sem íslenska kvennalandsliðið mætir Rúmeníu á þessu móti og annað árið í röð sem Ísland vinnur sigur.

Þetta var fyrsti leikur íslenska liðsins í riðlinum en ásamt Íslandi og Rúmeníu eru Tyrkland, Kínverska Taípei, Króatía og Nýja-Sjáland í B-riðlinum.

Silvía Björgvinsdóttir kom Íslandi á bragðið með tveimur mörkum í upphafi leiks áður en Sigrún Árnadóttir bætti við þriðja marki Íslands í fyrsta leikhluta.

Rúmenar svöruðu með tveimur mörkum og minnkuðu muninn en Kristín Ingadóttir og Silvía voru fljótar að svara fyrir íslenska liðið og koma muninum upp í þrjú mörk


Íslenska kvennalandsliðið í íshokkí byrjar af krafti á HM í Rúmeníu þar sem liðið leikur næstu daga í B-riðli. MYND/ÍSHOKKÍSAMBAND ÍSLANDS

**»Ísland kom pökknum þrisvar í net Rúmenanna í hverjum leikhluta og vann alla þrjá leikhlutana í Brasov.**

á nýjan leik. Teresa Snorradóttir, Ragnhildur Kjartansdóttir og Silvía áttu eftir að bæta við mörkum fyrir Ísland í lokaleikhlutanum þó að rúmenska liðið neitaði að gefast upp. Silvía var í leikslok verðskuldað valin besti leikmaður leiksins eftir fjögur mörk.

Ísland mætir Nýja-Sjálandi í dag sem tapaði fyrsta leiknum í gær og fær íslenska liðið svo dagshvíld fyrir næsta leik í Rúmeníu. **– kpt**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**
*Átta liða úrslit*

**Tindastóll - Þór Þ. 93-94**

**Tindastóll:** Brynjar Þór Björnsson 27, Danero Thomas 16, Dino Butorac 15/11 fráköst, Viðar Ágústsson 10, Philip B. Alawoya 10 , Axel Kárason 7, Helgi Rafn Viggósson 5, Pétur Rúnar Birgisson 2, Friðrik Þór Stefánsson 1.

**Þór Þorlákshöfn:** Nikolas Tomsick 25, Kinu Rochford 23, Jaka Brodnik 15, Emil Karel Einarsson 12, Halldór Garðar Hermannsson 9, Ragnar Örn Bragason 8, Davíð Arnar Ágústsson 2.

*Einvígi liðanna lýkur með 3-2 sigri Þórs Þorlákshafnar. Þórsarar mæta KR í undanúrslitum Domino's-deildar karla.*

**Njarðvík - ÍR 74-86**

**Njarðvík:** Jeb Ivey 22, Elvar Már Friðriksson 16, Logi Gunnarsson 10, Maciek Stanislav Baginski 9, Ólafur Helgi Jónsson 7, Mario Matasovic 7/11 fráköst, Eric Katenda 3.

**ÍR:** Kevin Capers 22, Matthías Orri Sigurðarson 18, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 16, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 15, Gerald Robinson 8, Sæþór Elmar Kristjánsson 5, Trausti Eiríksson 2 .

*Einvígi liðanna lýkur með 3-2 sigri ÍR. ÍR mætir Stjörnunni í undanúrslitum Domino's-deildar karla.*

**Enska úrvalsdeildin**

**Arsenal - Newcastle 2-0**

1-0 Aaron Ramsey (30.), 2-0 Alexandre Lacazette (80.).

## Viggó yfir til Þýskalands

**HANDBOLTI** Viggó Kristjánsson skrifaði í gær undir eins árs samning með möguleika á framlengingu við Leipzig í efstu deildinni í Þýskalandi. Viggó sem er 25 ára kemur til Leipzig frá West Wien eftir tvö ár í herbúðum austurríska liðsins. Viggó verður annar Íslendingurinn sem yfirgefur austurríska félagið í sumar og verður Guðmundur Hólmar Helgason því einn eftir hjá Vínarliðinu sem sagði upp Hannesi Jóni Jónssyni sem þjálfara í byrjun árs.

Seltirningurinn gekk til liðs við West Wien frá Randers fyrir tveimur árum og er einn af markahæstu leikmönnum deildarinnar í Austurríki með 146 mörk. Viggó lék á sínum tíma í efstu deild í knattspyrnu á Íslandi og á að baki leiki með yngri landsliðum Íslands. Leipzig er að berjast í neðri hluta deildarinnar en er nokkuð öruggt með sæti sitt í efstu deild á næsta ári.

„Það hefur alltaf verið draumurinn að spila einn daginn í þýsku deildinni. Ég hef spilað í Austurríki undanfarin tvö ár og tel að þetta sé rétti tímapunkturinn til að taka þetta skref á ferlinum. Ég fékk upplýsingar um félagið og talaði við nokkra leikmenn og eftir það var þetta auðveld ákvörðun," sagði Viggó í samtali við heimasíðu Leipzig í gær eftir að hafa skrifað undir. **– kpt**



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Afmælistilboð!

## Íslensk framleiðsla undir vörumerkjum Bónus

ÍSLENSKT gjörið svo vel

30 ára BÓNUS 1989 - 2019




Íslenskur KJÚKLINGUR

**598** kr. kg

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill




1L

**159** kr. 1 l

**Bónus Florida**
**Appelsínusafi,** 1 l

5 FLATKÖKUR í pakka




**98** kr. pk.

**Bónus Flatkökur**
170 g, 5 stk. í pakka




600g

**198** kr. 600 g

**Bónus Brauð**
Þriggjakorna, 600 g




**598** kr. 170 g

**Bónus Páskaegg**
Nr. 3, 170 g




**198** kr. 550 ml

**Bónus AB Mjólk**
550 ml, 3 teg.




2L

**98** kr. 2 l

**Bónus Kolsýrt Vatn**
2 lítrar, 2 teg.

BÓNUS EKKERT BRUÐL




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **8. apríl** eða meðan birgðir endast.



✝

Kær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Indríður Efemía Indriðadóttir**

ferðaþjónustubóndi í Lauftúni, Skagafirði,

er látin. Útför hennar fer fram frá Löngumýrarkapellu, föstudaginn 5. apríl klukkan 14. Jarðsett verður í Víðimýrarkirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

**Felix Jósafatsson** · **Baldvina G. Valdimarsdóttir**
**Indriði Jósafatsson** · **Hrönn Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Áslaug Guðlaugsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri, mánudaginn 18. mars síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum auðsýnda samúð og þökkum sérstaklega starfsfólki á Asparhlíð hlýja og góða umönnun.

**Birgir Guðmundsson** · **Brit Bieltvedt**
**Torfhildur Guðmundsdóttir** · **Reynir Ágúst Ragnarsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir** · **Gunnar Bill Björnsson**
**Benedikt Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Kær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Berglind Magnúsdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 25. mars sl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 4. apríl klukkan 13.00.

**Heimir Baldursson**
**Sigríður Hafdís Baldursdóttir** · **Hlynur Hringsson**
**Bára Baldursdóttir**
**Huldís, Viggó, Eva og Ingvar Emil**

*Nærgætni, hlýja og virðing* · *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

# Hin ósýnilega einhverfa

**Að sjá hið ósýnilega er ný íslensk heimildarmynd um konur á einhverfurófi sem forsýnd er í dag á alþjóðlegum degi einhverfu. Í framhaldinu verða almennar sýningar.**

Stúlkur virðast eiga auðveldara með að fela einkenni einhverfu en strákar. Þess vegna greinast þær oft seint og það hefur neikvæð áhrif á líðan þeirra, heilsu og lífsgæði,“ segir Sigrún Birgisdóttir, framkvæmdastjóri Einhverfusamtakanna. Með því útskýrir hún titil nýrrar íslenskrar heimildarmyndar sem nefnist Að sjá hið ósýnilega sem verður forsýnd í dag, á alþjóðlegum degi einhverfu. Þar segja sautján konur á einhverfurófi frá lífi sínu og reynslu. Myndin er framleidd af Kraumar og Eyjafilm í samvinnu við Einhverfusamtökin.

Um lokaða sýningu er að ræða í dag en myndin verður sýnd í Bíó Paradís 9., 16. og 24. apríl og hægt að kaupa miða á tix.is.



Sigrún hefur unnið fyrir Einhverfusamtökin í 41 ár.

Einhverfusamtökin hafa netfangið einhverfa.is. Sigrún kveðst hafa unnið á skrifstofu þeirra í fimmtán ár, en áður verið í stjórn þeirra í sex ár.

Þegar hún er spurð hvaða skýring sé á því að konum gangi betur að leyna einhverfueinkennum en karlmönnum svarar Sigrún: „Þeim tekst að herma eftir stúlkum og konum í kringum sig en í það fer gríðarleg orka sem tekur sinn toll. Þær geta verið algerlega búnar á því, og eru oft komnar með kvíða- eða þunglyndisgreiningu þegar einhverfan uppgötvast. En eftir það ná þær oft betri tökum á lífinu því sjálfsskilningur eykst.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Okkar ástkæra

**Kristín Aðalsteinsdóttir**

ferðamálafræðingur

er látin.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Aðstandendur**



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir,

**Laicheng Gao**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju 4. apríl klukkan 11.00.

**Jenný Fuzhen Wang**
**Andri Gao Peng**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Árni Guðmundsson**

Fífuseli 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 24. mars. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 4. apríl klukkan 15.00.

**Margrét Anna Þórðardóttir**
**Margrét Árnadóttir** · **Jón Ingi Ríkharðsson**
**Anna Kristín Árnadóttir**
**Sara Patricie Jónsdóttir**



✝

Ástkær faðir okkar, bróðir, afi og langafi,

**Björn Jóhannsson**

rekstrartæknifræðingur,

er látinn.
Hugheilar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks 13G við Hringbraut, heimahjúkrunar og starfsfólks Heru fyrir góða umönnun og hlýju í okkar garð.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Birna Dís, Ingunn Hafdís og Anna Hjördís**



✝

Okkar ástkæri

**Steinar Kristbjörnsson**
**(Ninni)**

trésmiður,
Krosshömrum 6, Reykjavík,

andaðist 22. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa Hollvinasamtökum Grensásdeildar að njóta þess.

**Elín Anna Antonsdóttir**
**Ólafur Svavar Steinarsson**
**Steinunn Steinarsdóttir**
**Anton Karl Ingason** · **Hjördís Stefánsdóttir**
**Auður Kara og Elín Stella**



✝

Kær frændi okkar og vinur,

**Davíð Þór Zophoníasson**

rafvirkjameistari,
Hörgsholti 23b, Hafnarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þann 15. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ingi Björnsson**
**Soffía Björnsdóttir** · **Guðjón S. Snæbjörnsson**
**Sigurbjörg Björnsdóttir**
**Guðmundur Björnsson**



✝

Elsku hjartans faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Brekkmann Ásgeirsson**

frá Grundarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands 30. mars. Útför auglýst síðar.

**Ásdís Svala Pálsdóttir** · **Magnús Daðason**
**Páll Th. Pálsson Markan** · **Alfa Lind Markan**
**barnabörn, barnabarnabörn, systur og aðrir aðstandendur hins látna.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 2. APRÍL 2019



Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir hefur starfað við grasalækningar í rúmlega aldarfjórðung með afar góðum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fyrirbyggjandi aðgerðir skipta mestu máli

Í Jurtaapótekinu er boðið upp á vörur unnar úr lífrænt ræktuðum eða villtum jurtum. Auk þess er boðið upp á einkaviðtöl og mikla fræðslu um lækningamátt jurta. Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir tekur vel á móti gestum. 2



Þann 1. maí verða settar nýjar reglur í Disneygörðum í Bandaríkjunum þegar reykingar verða bannaðar á útisvæði.

3

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.






Í Jurtaapótekinu má finna mikið úrval af vörum fyrir alla aldurshópa en í upphafi var hugmyndin sú að fræða fólk um lækningamátt jurta, áhrif betri fæðu og umbun almennrar heilsu.

Jurtaapótekið var stofnað fyrir rúmum fimmtán árum af Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni, sem hefur starfað við grasalækningar í rúmlega aldarfjórðung, allt frá því að hún útskrifaðist úr grasalæknaskólanum í Bretlandi árið 1993. Í Jurtaapótekinu er boðið upp á vörur sem eru unnar úr lífrænt ræktuðum eða villtum jurtum. Auk þess er boðið upp á mikla fræðslu um lækningamátt jurta og þannig er hægt að ná til stærri hóps en áður.

Hún segir hugmyndina í upphafi hafa verið þá að fræða fólk um lækningamátt jurta, áhrif betri fæðu og umbun almennrar heilsu. Með því móti væri auðveldara fyrir hvern og einn að taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi heilsu sína og lífsstíl. „Í dag má skipta starfsemi Jurtaapóteksins í fernt. Í fyrsta lagi erum við verslun með jurtavörur unnar frá grunni á Íslandi, og handgerðar af starfsfólki okkar, úr bestu fáanlegu jurtum eða jurtaefnum. Þar fer einnig fram ráðgjöf til viðskiptavina.“



„Best þykir okkur þegar fólk kemur til okkar til að fyrirbyggja og læra hvernig hægt er að styrkja sig og viðhalda góðri heilsu með hjálp jurta,“ segir Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir í Jurtaapóteki.

## Gæði og ferskleiki í forgrunni

Í öðru lagi fer þar fram framleiðsla fyrir Jurtaapótekið og aðrar verslanir eins og einkaapótek og Heilsuhúsin. „Þar eru gæði og ferskleiki jurtanna í forgangi til að hámarka lækningamátt og styrkleika þeirra. Vörurnar okkar eru langflestar lífrænar, innihalda engin fylliefni og við leitumst við að hafa jurtirnar eins ferskar og hægt er. Fyrir vikið þurfum við stundum að elta jurtirnar uppi til að ná gæðunum sem við viljum. Vörurnar okkar virka vegna þess að ráðlögð skammtastærð er rétt.“

Í þriðja lagi er hægt að panta einkaviðtöl við Kolbrúnu sem veitir fólki góð ráð varðandi jurtir og mat auk þess sem einnig er hægt að fá sér blandaðar jurtablöndur sem hæfa hverjum og einum.

„Einnig má nefna að við bjóðum upp á fjölda námskeiða og fyrirlestra sem hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Þar má meðal annars nefna Gerum við meltingarveginn – framhald af bókinni Betri næring betra líf, Eiturefnasúpa – hvernig við getum hreinsað okkur og heimilið, Lifandi – seinna þroskaskeið kvenna (breytingaskeiðið), Nærandi líf – hvað nærir okkur og Lífsstíll fyrir fólk með bólgur.“

## Fjölbreytt úrval

Úrvalið er mikið í Jurtaapótekinu og nefnir Kolbrún nokkrar vinsælar og athyglisverðar vörur. „Fyrst má nefna kvef- og hóstamixtúru sem heitir Kveðrungur. Hún er mjög vinsæl hjá okkur og er mest notuð fyrir börn. Mixtúran er bakteríudrepandi og slímlosandi og hægt er að nota hana einu sinni á dag sem fyrirbyggjandi eða þrisvar sinnum á dag þegar er sýking. Hún inniheldur hvorki alkóhól né sykur og er því alveg hreint blómavatn.“

Embla er vinsæl jurtablanda fyrir konur á breytingaskeiðinu og segir Kolbrún margar íslenskar konur hafa tekið hana inn. „Blandan er mjög góð vegna þess að hún inniheldur ekki bara jurtahormónlíkar jurtir heldur er hún líka róandi. Það tekur um 2-3 vikur fyrir hana að virka.“

Jurtablandan Glaður virkar vel gegn vægu þunglyndi að sögn Kolbrúnar auk þess sem hún getur í einhverjum tilfellum líka dregið úr einbeitingarskorti. „Þessi blanda er líka oft notuð fyrir ofvirkni. Í henni eru jurtir sem eru taugastyrkjandi, örva blóðflæði í höfuðið, róa hugann og eru auk þess kraftaukandi.“

## Vörur í þróun

Tre nev eru lifandi góðar bakteríur sem Jurtaapótekið fær frá Bandaríkjunum, segir Kolbrún. „Munurinn á þessum gerlum og mörgum öðrum er að þessir meltast í skeifugörninni og lifa því af sýrurnar í maganum. Gerlar sem meltast í maganum lenda í magasýrunum sem drepa helminginn af þeim. Þessir gerlar koma kældir til okkar og því getum við lofað að það gerlamagn sem gefið er upp sé rétt, eða 30 billjónir í einu hylki.“

Næst nefnir hún Sól, Vin, Rán og Þór til sögunnar sem eru fljótandi andlitsnæringar, samsettar úr vel völdum jurtaolíum og Aloe vera safa. „Sjálf hef ég notað þetta sem andlitskrem í tólf ár og fyrir mig er engin leið til baka. Næringarnar endurnæra og græða húðina enda fara þær mjög vel inn í húðina. Þær innihalda engin rotvarnarefni og því má í raun drekka þetta ef fólk vill. Einnig innihalda þær náttúrulega sólarvörn vegna áhrifa frá hafþyrnisolíunni.“

Að lokum nefnir hún Iðunni sem er orku- og næringarblanda sem er oft notuð af námsmönnum og öðrum sem þurfa auka orku. „Þessi blanda inniheldur Síberíuginseng sem er alhliða styrkjandi, spirulinu sem inniheldur mikið af næringarefnum, lakkrísrót og schizandra sem báðar styrkja nýrnahetturnar gegn streitu.“ Auk þess er hún alltaf að þróa ýmsar nýjungar. „Um þessar mundir erum við t.d. að þróa jurtanæringarblöndu með yfir 20 tegundum af lífrænum íslenskum og erlendum jurtum auk þess sem við höfum nýlega sölu á candidajurtatei sem heitir Gandálfur.

> Um þessar mundir erum við t.d. að þróa jurtanæringarblöndu með yfir 20 tegundum af lífrænum íslenskum og erlendum jurtum.

## Best að mæta á staðinn

Hún segir að besta leiðin fyrir þá sem vilja kynnast vörum Jurtaapóteksins, vera að mæta bara á staðinn, ræða við starfsmenn og fá upplýsingar um hvað sé helst í boði. „Einnig má hitta mig eftir kl. 14 þá daga sem er opið og svo erum við stundum með námskeið sem gefa innsýn í hvað er í boði. Best þykir okkur þegar fólk kemur til okkar til að fyrirbyggja og læra hvernig hægt er að styrkja sig og viðhalda góðri heilsu með hjálp jurta. Við fáum nefnilega of mikið af veiku fólki sem fer alltof seint af stað til að bæta líf sitt og heilsu. Fyrirbyggjandi aðgerðir skipta auðvitað mestu máli, þú tryggir nefnilega ekki eftir á.“

Nánari upplýsingar má finna á www.jurtaapotek.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Benedikt Bóas Hinriksson** benediktboas@frettabladid.is s. 550 5725 | **Sólveig Gísladóttir**, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Starri Freyr Jónsson**, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@ frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@ frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 2. APRÍL 2019


# Töffari í jakkafötum

Með Lexus UX er komin glæný bílgerð í mest vaxandi flokki bíla í heiminum. Lexus hefur tekist frábærlega upp með þessum bíl sem fá má með Hybrid-kerfi og sem fyrr, fágun í öllum frágangi.


→6-7






ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís

# BÍLAR

## Toyota og Suzuki í víðtækt samstarf í bílasmíði

Japönsku bílafyrirtækin Toyota og Suzuki hafa tilkynnt um víðtækt samstarf sem meðal annars er fólgið í því að Toyota mun smíða RAV4 og Corolla-bíla sem bera munu Suzuki-merkið. Þeir bílar verða smíðaðir í verksmiðju Toyota í Burnastone í Bretlandi. Upphaf þessa samstarfs má rekja til ársins 2017 þegar fyrirtækin skrifuðu undir viljayfirlýsingu um samstarf. Samstarfið milli fyrirtækjanna tekur til mun fleiri þátta og mun Toyota til dæmis leggja Suzuki til Hybrid-búnað í bíla þeirra fyrir flesta markaði og margar bílgerðir.

### Suzuki leggur til vélar

Suzuki mun leggja Toyota til vélar og tæknibúnað fyrir smærri gerðir bíla Toyota, en þar liggur mesti styrkur Suzuki. Fyrirtækin tvö ætla að vinna saman að þróun Hybrid-bíla fyrir Indlandsmarkað og bílar smíðaðir af Suzuki í Indlandi munu bera Toyota-merkið þar og er þar um að ræða bíla með nöfnin Ciaz og Ertica. Enn fremur verða fjórar gerðir bíla smíðaðar af Suzuki boðnir með Toyota-merkinu í Afríkulöndum. Þá ætla fyrirtækin að sameinast um þróun jepplings í C-stærðarflokki fyrir Indlandsmarkað og verður hann smíðaður af Toyota.

Þetta samstarf Toyota og Suzuki er ágætt dæmi um þróun sem er að eiga sér stað á milli bílaframleiðenda og er samstarf Volkswagen og Ford annað dæmi um slíkt. Allt er þetta gert til að minnka þróunarkostnað og auðvelda aðgengi að mörkuðum.



Suzuki Vitara og Toyota Corolla. Samstarfinu er ætlað að minnka þróunarkostnað og auðvelda aðgengi að mörkuðum.




Landwind X7 er svo sláandi líkur Evoque að vart sést nokkur munur.

## JLR vinnur mál gegn Landwind vegna hönnunarstuldar

Kínverski bílaframleiðandinn Landwind var kærður af Jaguar Land Rover fyrir hönnunarstuld þegar fyrirtækið setti á markað Landwind X7 bíl sinn. Hann er svo til alger eftirlíking af Range Rover Evoque jeppanum. Þau hafa ekki mörg svona málin unnist í Kína þar sem kínverskir bílaframleiðendur hafa algjörlega eftirapað bíla frá þekktum bílaframleiðendum. Reyndar hefur ekkert slíkt mál unnist fram að þessu og því um tímamótasigur að ræða.

Það tók Jaguar Land Rover þó 3 ár að sækja mál sitt í þessu tilfelli og kínverskir dómstólar komust að því að bíllinn væri allt of líkur Evoque til að teljast ekki alger eftiröpun. Landwind X7-bíllinn kostar um 18.000 dollara í Kína en Range Rover Evoque kostar þar 52.000 dollara og því erfitt að selja hann þar í slíkri samkeppni.

Afleiðing þessa sigurs JLR er að Landwind er gert að hætta alfarið framleiðslu og sölu bílsins og að auki var Landwind gert að greiða JLR bætur, þó ekki hafi komið fram hve há sú bótagreiðsla var.



BMW i3 rafmagnsbíllinn. BMW ætlar að einfalda framboðið og fækka vélum.

## BMW býst við minni hagnaði í ár

Forsvarsmenn BMW Group hafa varað hluthafa við minnkandi hagnaði í rekstri fyrirtækisins í ár vegna erfiðari skilyrða en í fyrra. BMW hagnaðist um 1.335 milljarða króna á síðasta ári og minnkaði hagnaður fyrirtækisins um 8,1% frá árinu 2017. Salan jókst hins vegar um 1,1%, en þessar tölur eiga við BMW, Mini og Rolls Royce-bíla sem tilheyra BMW Group. Eins og önnur bílafyrirtæki var BMW að kljást við minnkandi bílasölu í Kína, yfirvofandi Brexit og innleiðingu WLTP-mengunarstaðalsins sem olli mörgum þeirra búsifjum.

BMW Group ætlar að kynna 20 endurnýjaðar eða nýjar gerðir bíla í ár þrátt fyrir þá stefnu að einfalda vöruframboð sitt og því má alveg búast við því að einhverjar núverandi gerðir hverfi af sjónarsviðinu.

Þá er meiningin hjá BMW að einfalda mjög framboðið hvað vélagerðir snertir og jafnvel upp að 50% fækkun þeirra. Áherslan á rafmagnsbíla verður enn aukin og tengiltvinnbílum mun áfram fjölga. Ekki er búist við neinum uppsögnum starfsfólks í ár þrátt fyrir þessar fyrirhuguðu breytingar.

## Skoda hefði getað selt 100.000 fleiri

Skoda ætlar að bæta einni verksmiðju við framleiðslugetu sína. Skoda seldi 1,2 milljónir bíla í fyrra en stefnir að 2 milljónum árið 2025. Mun líka framleiða VW Passat.

Skoda gengur afskaplega vel að selja jepplinga og jeppa sína um þessar mundir. Skoda hefði þó getað selt meira en 100.000 slíka til viðbótar í fyrra að sögn forstjórans Bernhard Maier ef framleiðslugetan í verksmiðjum Skoda hefðu leyft það. Við þessu ætlar Skoda reyndar að bregðast með nýrri verksmiðju sem staðsett verður í einhverjum af löndum Austur-Evrópu og er Skoda nú að hugleiða eina fjóra staði.

Skoda seldi ríflega 1,2 milljónir bíla í fyrra, jók söluna um 4,4% á milli ára, en stefnir að því að selja 2 milljónir bíla árið 2025. Í fyrra var fyrsta heila árið sem jepplingurinn Skoda Karoq var í sölu og náðist að selja 150.000 þannig bíla en hefði verið hægt að selja miklu fleiri ef Skoda hefði annað eftirspurninni.

### Ekki bara jepplingar

Þetta vandamál átti reyndar við um mun fleiri bílgerðir Skoda, eða líka Kodiaq, Superb, Octavia, Fabia og Scala og því voru það líka fólksbílar Skoda sem selst hefðu mun betur ef Skoda hefði haft undan.

Skoda er með tvær stórar samsetningarverksmiðjur í heimalandinu Tékklandi sem framleiða um 800.000 bíla á ári, en Skoda Citigo-smábíllinn er til dæmis framleiddur í Slóvakíu. Skoda tilheyrir Volkswagen Group og á síðasta ári var ákveðið að næsta kynslóð Volkswagen Passat-bílsins yrði framleidd í verksmiðjum Skoda. Það eru ekki slæmar fréttir fyrir kaupendur Passat-bílsins því bílar Skoda þykja fullt eins vel ef ekki betur smíðaðir en Volkswagen-bílar smíðaðir í Þýskalandi.



Skoda Kodiaq er einn þeirra bíla sem seljast eins og heitar lummur.

## Daimler að selja Geely 50 prósent í Smart

Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes Benz, er líklega á lokametrunum að selja kínverska bílasmiðnum Geely helminginn í bílamerkinu Smart. Geely á nú þegar næstum 10% af hlutafénu í Daimler og er stærsti einstaki eigandinn í Daimler. Sögur herma að þessi sala verði tilkynnt áður en bílasýningin í Shjanghaí hefst í apríl. Hvorugt fyrirtækið hefur staðfest þessar fréttir og bæði neita að tjá sig um málið en Fiancial Times telur sig hafa öruggar heimildir fyrir kaupunum.

### Geely á Volvo og Lotus

Geely á nú þegar allt hlutafé í Volvo sem það keypti árið 2010 og að auki ráðandi hlut í breska sportbílaframleiðandanum Lotus og London Electric Vehicle Company sem framleiðir London Taxi.

Smart-bílaframleiðandinn hefur aldrei í 20 ára rekstrarsögu sinni skilað Daimler hagnaði og eru hluthafar í Daimler orðnir langþreyttir á stöðu þess. Sala Smart náði mestum hæðum árið 2004 þegar 150.000 Smart bílar seldust. Síðan þá hefur leiðin legið niður á við og var ársalan í fyrra 97.346 bílar. Talið er að tap Smart á ári hverju nemi á bilinu 500-700 milljón evrum, eða 68 til 95 milljörðum króna og það er ekki til að skemmta hluthöfum í Daimler.

Ef til vill verður hægt að snúa rekstri Smart til hagnaðar með tilkomu Geely sem helmingseiganda.



Smart Forease tilraunabíll.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites

# MEIRA FYRIR PENINGINN

## TRYGGÐU ÞÉR EINN **PAKKAÐAN NISSAN**




## BJÓÐUM NOKKRA SÉRÚTBÚNA X-TRAIL OG QASHQAI MEÐ **700.000 KR. AFSLÆTTI**

Um er að ræða takmarkaðan fjölda Nissan TEKNA, sem eru hlaðnir lúxusbúnaði, á verði ACENTA.

### NISSAN QASHQAI

TEKNA, 2WD, SJÁLFSKIPTUR, BENSÍN
VERÐ FRÁ: 4.950.000 KR.

**TILBOÐSVERÐ:**
**4.250.000 kr.**

### NISSAN X-TRAIL

TEKNA, 4WD, 7 SÆTA, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 7.190.000 KR.

**TILBOÐSVERÐ:**
**6.490.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM92711

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Renna PSA og FCA saman?

Peugeot-fjölskyldan, sem er einn stærsti hluthafi í PSA Group, segist viljug til að skoða samruna við Fiat Chrysler Automobiles. Þessi afstaða litast væntanlega mjög af vel heppnaðri ytfirtöku PSA á Opel/Vauxhall. Fyrir vikið samanstendur PSA Group nú af bílamerkjunum Peugeot, Citroën, DS (lúxusbílamerki Citroën), Opel og Vauxhall. Ef af samruna við Fiat Chrysler Automobiles yrði myndu bætast við bílamerkin Fiat, Chrysler, Alfa Romeo, Jeep, Dodge, RAM Trucks, Lancia og Maserati.

Áhugi PSA Group virðist þó ekki eingöngu bundinn við Fiat Chrysler því heyrst hefur líka af áhuga þess á Jaguar Land Rover sem nú er í eigu hins indverska Tata Group. Síðasta ár var Jaguar Land Rover erfitt og því gæti vilji Tata Group staðið til þess að selja JLR.

Lengi hefur heyrst af áhuga PSA á sameiningu við Fiat Chrysler en árið 2015 tók forstjóri PSA, Carlos Tavares, fyrir umræðu um slíkt á meðan PSA einbeitti sér að yfirtökunni á Opel/Vauxhall frá General Motors. Bæði PSA og FCA eru afar stór á markaði fyrir atvinnubíla og hafa reyndar verið í samstarfi við þróun slíkra bíla. Áhugi PSA á líka rætur að rekja í sterkri stöðu FCA á Ameríkumarkaði, en PSA hefur hug á því að kynna aftur Peugeot-bíla í Bandaríkjunum og samstarf eða öllu heldur samruni myndi gefa PSA aðgang að sölukerfi og innviðum FCA þar vestra.

Forstjóri FCA, Mike Manley sagði á nýyfirstaðinni bílasýningu í Genf að FCA væri mjög opið fyrir samstarfi við aðra bílaframleiðendur, hvort heldur sem það lyti að samstarfi eða samruna. Það gæti því verið tíðinda að vænta á næstunni um þennan samruna eða samstarf, eða yfirtöku á Jaguar Land Rover.



PSA keypti Opel/Vauxhall árið 2017 og er ekki hætt yfirtökum.


BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000



Lengjanlegar hágæða GÁMAGRINDUR

Tilboð

- Lengjanleg frá 20-45 ft
- Glussadrifin
- Gæða dekk
- Er á lyftanlegum púðum
- Getur tekið 45 feta gám
- Þýsk gæðavara hönnuð til að endast

*Nýttu þér sveigjanleikann og einfaldaðu gámaflutningana. Grindin eru til á lager, afgreiðist samdægurs.*

Lengjanleg hágæða gámagrind, SDC 27 eLTU6 Box Liner frá KRONE.






*Þýsk hágæða glussadrifin gámagrind sem auðvelt er að vinna með og hönnuð til að endast.*



*Lengjanleg gámagrind fyrir 1x20 ft, 2x20 ft, 1x40 ft eða 1x45 ft gám.*



*Mögulegt að setja rafstöð undir gámagrindina.*

Tilboð
3.990.000 án vsk
~~4.750.000~~ án vsk

Nánari upplýsingar veitir Friðrik Óskarsson, í síma 664-1303 eða fridrik@kapp.is

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI-& RENNIVERKSTÆÐI

MIÐHRAUN 2 · 210 GARÐABÆ · 587 1300 · KAPP@KAPP.IS · WWW.KAPP.IS




Lúxusjepplingurinn Palisade frá Hyundai er aðallega hugsaður fyrir Bandaríkjamarkað.

# Palisade fær Red Dot verðlaunin

## Palisade er sá stærsti í sínum flokki sem Hyundai býður um þessar mundir og er til dæmis aðeins lengri, hærri og breiðari en Santa Fe, flaggskip Hyundai í þessum flokki.

Bíladómnefnd alþjóðlegu hönnunarverðlaunanna Red Dot Design gaf Hyundai nýlega hæstu einkunn fyrir hönnun á nýja sjö manna lúxusjepplingnum Palisade sem Hyundai þróaði og kynnti á síðasta ári fyrir markaði Norður-Ameríku. Bíllinn er sá stærsti í sínum flokki sem Hyundai býður um þessar mundir og er t.d. aðeins lengri, hærri og breiðari en Santa Fe, flaggskip Hyundai í þessum flokki á Evrópumarkaði.

### Árleg verðlaun Red Dot

Þetta er fimmta árið í röð sem Red Dot heiðrar Hyundai fyrir hönnun sína og árangur fyrirtækisins sem einkennist af stöðugri nýsköpun og fjárfestingum á hönnunarsviði og verkfræði. Árið 2014 hlutu smábíllinn i10 og lúxusbíllinn Genesis hæstu einkunn hvor í sínum flokki. 2015 var það i20 fyrir fjölskylduvæna hönnun, 2016 Ioniq hybrid fyrir nýstárlega hönnun tvinnbíls sem bryti hefðina á markaðnum. Árið 2017 var i30 heiðraður sérstaklega og í byrjun síðasta árs voru rafknúni vetnisbíllinn Nexo og bensínknúni borgarjepplingurinn Kona verðlaunaðir af dómnefnd Red Dot. Kona er bæði boðinn með bensínvél og sem hreinn rafbíll og eru báðar útgáfur bílsins í boði hjá Hyundai í Garðabæ. Þá var Nexo nýlega kynntur til sögunnar í Garðabænum og hefur fengið framúrskarandi dóma blaðamanna eins og Kona EV.

### Heiður fyrir Hyundai

Hönnunarverðlaun Red Dot Awards eru mikill heiður fyrir hönnunar- og tækniteymi Hyundai sem rakað hafa til sín margvísleg verðlaunum á undanförnum árum fyrir fallegan stíl, mikil gæði og framúrskarandi tækni og frammistöðu bílanna.

Góður árangur Hyundai í alþjóðlegum bílaiðnaði er rökrétt afleiðing markmiða fyrirtækisins um að verða helsti bílaframleiðandinn á Evrópumarkaði innan fárra ára. Þau markmið eru knúin áfram af einstöku starfsfólki sérfræðinga á sviði hönnunar, tækniþróunar og framleiðslugæða sem undir merki Hyundai bjóða almenningi bíla af miklum gæðum fyrir sanngjarnt verð.

### Red Dot Design Awards

Í dómnefndum Red Dot Design Awards situr mikill fjöldi hönnunarsérfræðinga, háskólaprófessora og blaðamanna frá fjölda landa sem hafa það hlutverk að meta margvíslega hönnun og gæði þúsunda framleiðsluvara í ýmsum flokkum og atvinnugreinum. Grunnþema dómnefnda Red Dot óháð vöruflokkum er stöðug leit að einstakri hönnun og nýsköpun og er Red Dot Award umfangsmesta alþjóðlega samkeppnin í vöruhönnun sem starfrækt er í heiminum í dag.

Í dómnefnd bíla og mótorhjóla Red Dot sitja um tuttugu manns. Verðlaun Red Dot Design hafa allt frá 1954 verið afhent í hönnunarmiðstöðinni og safninu Design Zentrum Nordrhein í Westfalen í Þýskalandi.

# Allar líkur á að BMW kaupi verksmiðju Honda í Swindon

Honda hefur starfrækt samsetningarverksmiðju í Swindon í Bretlandi frá árinu 1985 og þar vinna um 3.500 manns. Til stendur þó hjá Honda að loka þessari verksmiðju eftir 2 ár þegar smíði Honda Civic-bílsins verður hætt þar. Það sem gæti þó bjargað þessari verksmiðju í Swindon eru hugsanleg kaup BMW á henni og hyggst BMW smíða þar X1-jeppling sinn sem mikil eftirspurn er eftir. Núna eru smíðaðir um 150.000 bílar í verksmiðju Honda í Swindon og er það langt frá fullri nýtingu verksmiðjunnar, en þar er hægt að smíða 250.000 bíla á ári.

BMW virðist hafa mikla trú á bílasmíði í Bretlandi þrátt fyrir Brexit-ástandið þar og hefur jú reynsluna frá smíði Mini-bíla í verksmiðju sinni í Oxford. Þar eru einnig framleiddir BMW-bílar og er verksmiðjan starfrækt á fullum afköstum, enda pumpar hún út 1.100 bílum á dag. Sala BMW X1-jepplingsins nemur 13% allrar sölu BMW-bíla og fer vaxandi enda gríðarleg eftirspurn almennt eftir smávöxnum jepplingum í heiminum. BMW hefur ekki staðfest þennan orðróm um kaupin á verksmiðju Honda í Swindon en kunnugir segja að allar líkur séu á kaupunum.



Frá verksmiðju Honda í Swindon.




Ford

*Ford tekur þig lengra*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## LEXUS UX 250H

- 2,5 LÍTRA BENSÍNVÉL OG RAFMÓTORAR
- 184 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla:** 5,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 120 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 8,4 í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 177 km/klst.
**Verð frá:** 6.700.000 m.kr.
**Umboð:** Lexus Kauptúni

Kostir:
- Útlit
- Aksturseiginleikar
- Búnaður
- Smíði

Gallar:
- Rými í aftursæti og skotti
- Útsýni aftur

# Töffari í jakkafötum

Með Lexus UX er komin glæný bílgerð í mest vaxandi flokki bíla í heiminum. Lexus hefur tekist frábærlega upp með þessum bíl sem fá má með Hybrid-kerfi og sem fyrr, fágun í öllum frágangi.



Eins og með allar nýjar gerðir Lexus-bíla er Lexus UX djarflega hannaður og með sterkum og hvössum línum.

Það er ekki oft á ári sem greinarritari prófar glænýjan bíl, mun oftar eru það nýjar kynslóðir þekktra bílgerða. Það var þó raunin í þetta skiptið og það lúxusbíll frá hinum vandaða framleiðanda Lexus. Það er líklega tímanna tákn að um er að ræða jeppling og hann hefur fengið stafina UX og er nokkru minni en nýlegur NX og miklu minni en RX. Lexus gerir ráð fyrir að þessi bíll verði söluhærri en þeir báðir og ætlar að selja 25.000 eintök í Evrópu í ár og enn meira á næsta ári. Hann á að hjálpa Lexus að komast yfir 100.000 bíla markið í sölu í álfunni og það mun vafalaust takast. Stafirnir UX koma frá „Urban“ og X-over (Crossover), enda hér um að ræða bíl sem mest mun glíma við götur borga þó jepplingur sé.

Eins og með allar nýjar gerðir Lexus-bíla er hann djarflega hannaður og með sterkum og hvössum línum, en engu að síður afar fágaður. Eiginlega er best að lýsa honum sem töffara í jakkafötum. Ekki minnka stórar hjólskálaumgjarðirnar töffaraskapinn, hvað þá risastórt grillið. Lexus-menn segja sjálfir að ytri hönnunin sé „bold“ og undir það skal tekið.

### Óaðfinnanlegt handbragð

Þegar inn í bílinn er komið blasir þó ekkert nema fágunin við og óaðfinnanlegt handbragð Takumi-þjálfaðra handverksmanna Lexus.

Það verður ekki af þessum bíl tekið, fremur en öðrum Lexus-bílum, að fáir eða engir aðrir bílar bera eins mikið vitni um vönduð vinnubrögð og nákvæmni. Auk þess er innanrýmið skemmtilega naumhyggjulegt, takkalítið og ferlega töff. Sem fyrr er efnisnotkun í innanrými til fyrirmyndar og framsætin eru bæði glæsileg og þægileg. Aftursætin eru flott líka en það er eins gott að vera ekki á hæð við körfuboltamenn ef þar skal setið. Hæð sætanna í bílnum er úthugsuð af Lexus en þar eiga flestir að setjast beint inn án þess að klifra upp né detta niður í þau. Enn skemmtilegri stúdía er bak við hljóðið sem heyrist þegar dyrum bílsins er lokað, en það varð að vera traustvekjandi og sannfæra fólk um að hér færi lúxusbíll. Það tókst.

Ef eitthvað í hönnuninni skal gagnrýna er það fólgið í breiðum C-pósti bílsins sem hindrar útsýni aftur ásamt smávaxinni afturrúðunni. Auk þess er skottrými lítið, eða 320 l og aðeins 283 l í fjórhjóladrifsútgáfunni.

> Það verður ekki af þessum bíl tekið, fremur en öðrum Lexus-bílum, að fáir eða engir aðrir bílar bera eins mikið vitni um vönduð vinnubrögð og nákvæmni.

### Stífur og léttur og lágur þyngdarpunktur

Þegar kemur að akstri bílsins verður manni ósjálfrátt hugsað



Glæný 2,5 lítra bensínvél og samtals skilar þessi aflrás 184 hestöflum.



Hér ríkir minimalisminn ríkjum og takkafjöldi takmarkaður.




# BÍLAR

**» Þegar kemur að akstri bílsins verður manni ósjálfrátt hugsað til þess hvað Lexus lagði mikla áherslu á stífni grindar bílsins, lágan þyngdarpunkt, áherslu á litla vigt og að splæst var í dýrustu útgáfu fjöðrunar.**

til þess hvað Lexus lagði mikla áherslu á stífni grindar bílsins, lágan þyngdarpunkt, áherslu á litla vigt og að splæst var í dýrustu útgáfu fjöðrunar. Fyrir vikið er hann lipur og kvikur og fjári skemmtilegt leiktæki.

Eins og nafnið Lexus UX 250h bendir til er hann með Hybrid-kerfi og vélin er glæný 2,5 l bensínvél og samtals skilar þessi aflrás 184 hestöflum. Það er yfrið nóg fyrir þennan netta bíl, en gerir hann þó ekki að rakettu. Hann er þó bara 8,4 sekúndur í hundraðið og því grallaralega snarpur.

Svo virðist sem Lexus sé búið að ná frábærum tökum á Hybrid-kerfi sínu og svo til alltaf var til rafmagn á „tankinum“ í reynsluakstrinum. Þeir segja sjálfir að 50% aksturs bílsins sé með aðstoð rafmagns og mjög oft ók hann eingöngu á rafmagninu. Uppgefin eyðsla bílsins er 5,3 l samkvæmt WLTP-staðli og rauneyðslan í reynsluakstrinum var undir 7. Alls ekki slæm niðurstaða það. Lexusmenn segja að akstur UX sé eins og að aka „hatchback“-fólksbíl og undir það skal tekið, miklu fremur en að aka jepplingi eða jeppa.



Ef eitthvað skal gagnrýna er það breiður C-póstur bílsins sem hindrar útsýni aftur ásamt smávaxinni afturrúðunni.


Býsna þægileg framsæti og ekki slorleg heldur aftur í.


Stungið leður ber góðan vott um vandað handbragðið.


Það þarf ekki að spyrja að handbragðinu hjá Lexus, eða góðu efnisvali.

## Leiðandi í öryggismálum

Vel er hugað að öryggismálum í þessum nýja UX og bíllinn er t.d. með 8 öryggispúða. Í bílnum er líka hið svokallaða Lexus Safety System+ og er það staðalbúnaður í bílnum í Evrópu. Þau aðstoðarkerfi sem tilheyra LLS + eru svo mörg að ekki er rými hér til að nefna þau öll, hvað þá útskýra en Lexus segir að þessi bíll sé leiðandi í öryggismálum. Hann til dæmis bremsar sjálfur ef ökumaður bregst ekki við aðsteðjandi hættu.

Lexus UX mun fást bæði með og án Hybrid-kerfisins. Vélin í bílnum sem ekki styðst við Hybrid er þó öflugri og skilar 238 hestöflum og í þeirri útfærslu kostar UX 6.370.000 kr. en Hybrid-bíllinn 6.700.000. Fjórhjóladrifinn UX 250h kostar 6.960.000 kr. og því er ekki ekki mikill verðmunur á milli gerða, bara spurning hver hentar hverjum.

Með Lexus UX er kominn nýr og vel þeginn valkostur í flokki minni lúxusjepplinga eins og BMW X1, Audi Q3, Mercedes Benz GLA og Volvo XC40, en þessi flokkur bíla vex nú hraðast í sölu í heiminum. Lexus UX 250h kom ekki á óvart fyrir vandaðan frágang og smíði og lága eyðslu, en hann kom á óvart hvað skemmtilegan akstur og lipurð varðar.



# Ábyrgir flutningar BMW

BMW Group, eigandi BMW, MINI og Rolls Royce, hefur um áratugaskeið fylgt skipulagðri og víðtækri umhverfisstefnu sem tekur til sjálfbærni við sjálfa framleiðsluna og skipulagðra ferla við förgun á bílum að líftíma loknum. Ferlar fyrirtækisins taka m.a. til vals á efnum og íhlutum með tilliti til endurvinnsluhæfni þeirra og er t.d. allt ferlið við framleiðslu og endurvinnslu á rafbílnum i3 eitt skýrasta dæmið um þetta.

Nú hefur BMW Group stigið skrefinu lengra og gengið til liðs við umhverfisverkefnið „Ship Recycling Transparency Initiative“ (SRTI) sem hefur að markmiði að þróa nýjan og alþjóðlegan staðal um ábyrga og sjálfbæra endurvinnslu skipa sem tekin eru úr notkun. BMW Group er jafnframt fyrsti bílaframleiðandinn sem gengið hefur til liðs við SRTI.

## Sjóflutningar mikilvægir

Sem alþjóðlegt fyrirtæki og til að mynda stærsti útflytjandi bíla frá Bandaríkjunum reiðir BMW sig mjög á vöruflutninga með skipum, bæði á aðföngum til framleiðslunnar og vörudreifingar til markaðssvæða víða um heim, þar á meðal til Íslands. Sjóflutningar eru því órjúfanlegur þáttur í atvinnustarfsemi BMW Group og fyrirtækið mikilvægur viðskiptavinur skipafélaga um allan heim sem annast um 90% allra vöruflutninga í heiminum.



BMW Group reiðir sig mjög á vöruflutninga með skipum.

„Mikilvægi sjálfbærni og gagnsæi eru meginreglur í öllum ákvörðunum sem snerta starfsemi BMW Group og við krefjumst þess sama af helstu samstarfsaðilum sem sinna vöruflutningum fyrir okkar hönd. Við erum jafnframt ánægð og stolt yfir því að vera fyrsti bifreiðaframleiðandinn til að ganga til liðs við SRTI um ábyrga og upplýsta endurvinnslu á skipum,“ sagði Anita Pieper, sem ábyrg er fyrir dreifingu ökutækja BMW Group að lokinni undirritun samningsins við SRTI.

## Markmiðið að hanna staðal

Í verkefni SRTI felst að aðilar verkefnisins tileinki sér vinnubrögð og skipulagða ferla er varða ábyrga og sjálfbæra endurvinnslu skipa. Verkefnið er rekið á netinu þar sem þátttakendur miðla upplýsingum og leiðbeiningum um hagnýta ferla í ábyrgri endurvinnslu í sjávarútvegi og þá um leið gagnsæi í málaflokknum. Í verkefninu er tekið mið af hagsmunum allra meðlima í því skyni að finna sameiginlega lausn og koma á fót nýjum staðli sem hægt sé að fylgja til að standa við skuldbindingar um ábyrga endurvinnslu.

## Endurvinnsluhæfni íhluta

BMW Group hefur um langt skeið fylgt ákveðnu og sjálfbæru ferli í endurvinnslu, sérstaklega hvað varðar endurvinnslu í bílaframleiðslunni. Hjá BMW eru t.d. daglega gerðar tilraunir á nýjum íhlutum til að prófa hentugleika þeirra með tilliti til endurvinnsluhæfni að líftíma loknum. Tilraunirnar eru gerðar hjá endurvinnslu- og niðurbrotsmiðstöðinni í Landshut í Þýskalandi. Miðstöðin starfar m.a. náið með rannsóknastofnunum og birgjum að þróun nýrrar tækni og aðferða við endurvinnslu.






Eðlilega þarf gríðarmargt starfsfólk til að smíða 5,7 milljónir bíla á ári.

# 857.336 smíða bíla í Þýskalandi

Mikil hefð er fyrir bílasmíði í Þýskaland og er landið þriðja stærsta bílaframleiðsluland í heimi á eftir Kína og Japan. Á hverju ári eru smíðaðar um 5,7 milljónir bíla í Þýskalandi, en í Kína voru smíðaðar 24,8 milljónir bíla árið 2017 og 8,35 milljónir í Japan. Þýskur bílaiðnaður er álitinn sá samkeppnishæfasti í heimi og þar eiga uppruna sinn flestar uppfinningar í smíði bíla í öllum heiminum. Í Þýskalandi er einnig magnað vegakerfi og hvergi annars staðar í heiminum eru vegir svo góðir að þar sé mögulegt að leyfa ótakmarkaðan hámarkshraða á öruggum „Autobahn“-hraðbrautum. Með þessar staðreyndir allar í huga er ekki svo undarlegt að oft sé talað um bílalandið Þýskaland.

Eðlilega þarf gríðarmargt starfsfólk til að smíða 5,7 milljónir bíla á ári og störfuðu 857.336 manns við bílasmíði í Þýskalandi í byrjun síðasta árs. Þýskir bílaframleiðendur eru að auki með verksmiðjur víða um heim og í þeim eru framleiddir næstum jafn margir bílar og þeir smíða innanlands, eða 5,5 milljónir bíla. Innan landa Evrópusambandsins eru 31,5 prósent nýrra bíla sem seljast á hverju ári smíðuð í Þýskalandi. Þýsk bílamerki hafa allra þjóða oftast hlotið vegtylluna „International Car of the Year“, sem og „European Car of the Year“ og er það til vitnis um hve bílar frá Þýskalandi falla heimsbyggðinni vel. Helstu bílamerki Þýskalands eru Volkswagen, Mercedes Benz, BMW, Audi, Opel og Porsche.

Þó að þýsk bílamerki séu mörg og fræg eiga þessi fyrirtæki mörg önnur bílamerki sem rekja sögu sína til annarra landa og á t.d. Volkswagen Group franska bílamerkið Bugatti, hið ítalska Lamborghini, hið spænska Seat, hið tékkneska Skoda og hið breska Bentley, ásamt því sem þýsku merkin Audi og Porsche tilheyra líka Volkswagen Group. Þá eru trukkafyrirtækin MAN og Scania einnig í eigu fyrirtækisins, sem og ítalski mótorhjólaframleiðandinn Ducati. Það er þó ekki bara Volkswagen Group af þýsku risunum sem á erlend bílamerki því BMW á t.d. bresku bílamerkin Mini og Rolls Royce, auk þess að framleiða ógrynni af BMW-mótorhjólum. Þá á Mercedes Benz líka bílamerkin Smart og Maybach.

# Bílar í baráttunni gegn ónæmum bakteríum

Að mati sérfræðinga Jaguar Land Rover munu bílar í framtíðinni geta gegnt mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn ónæmum ofurbakteríum og stöðvað útbreiðslu þeirra sem valda kvefi og hitasótt. Eins og stundum er í nýsköpun er rétta lausnin ekki svo ýkja fjarri því hugmyndin er að nýta útfjólubláa ljóstækni sem lyfjaiðnaðurinn hefur notað í meira en 70 ár. Tæknin er einnig þekkt leið til að sóttverja neysluvatn og til að sía út og dauðhreinsa yfirborðshluti með beislun bylgjulengda ljóss sem spanna 200 til 280 nanómetra.

Hjá Jaguar Land Rover er nú verið að skoða leið til þess að nýta ákveðna tegund útfjólublárrar ljóstækni og innleiða hana í miðstöðvarkerfi bíla þar sem hún á að lama bakteríurnar með því að brjóta niður sameindir þeirra og gera þær óvirkar. Þannig er ætlunin að koma í veg fyrir að þær berist óhindrað inn í farþegarýmið og smiti farþegana. Vonir standa til að tæknin getir stöðvað bakteríur sem valda hita og kvefi og dregið úr útbreiðslu hættulegra ofurbaktería um allt að 30%. Sjúkrahús eru nú þegar farin að nýta útfjólubláa ljóstækni í þessu skyni.

Þetta er ein af þeim lausnum sem tæknisérfræðingar Jaguar Land Rover eru að skoða til hagsbóta fyrir notendur og eigendur bíla frá fyrirtækinu samhliða þróun bíla framtíðarinnar sem færast sífellt



Vonir standa til að tæknin geti stöðvað bakteríur sem valda hita.

nær þeim eiginleika að geta ekið sjálfir án aðstoðar. Dr. Steve Iley, trúnaðarlæknir hjá Jaguar Land Rover, segir að bílar fyrirtækisins geti gegnt mikilvægu hlutverki í auknum forvörnum og bættri lýðheilsu, sérstaklega þegar deilihagkerfi um notkun bíla verður orðið almennt í borgum heimsins.

Hjá Jaguar Land Rover hefur nú þegar verið innleidd ný tækni í miðstöðvarkerfi nýrra bíla fyrirtækisins sem hefur svipað markmið og útfjólubláa tæknin, að lama og gera vírusa ónæma. Kerfið byggir á fjögurra svæða loftstýringu og ljóssviðsjónun (Four-zone Climate Control and Cabin Air Ionisation system) sem notar háspennu til að framleiða neikvætt hlaðnar jónir hjúpaðar vatnssameindum. Þessar jónir gera sýklana óvirka og sía þá frá farþegarýminu.

Bílar Jaguar Land Rover eru m.a. rafbíllinn Jaguar I-Pace og Range Rover Sport.




**Mest seld í heimi**
Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátaðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa?

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

HYBRID

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# BÍLAR

**KOSTIR OG GALLAR**
**SSANGYONG REXTON**

- 2,2 LÍTRA DÍSILVÉL
- 181 HESTAFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 8,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 215 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 11,0 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 186 km/klst.
**Verð frá:** 6.990.000 m kr.
**Umboð:** Bílabúð Benna

Kostir:
- Staðalbúnaður
- Eyðsla
- Rými
- Verð

Gallar:
- Eingöngu einn vélarkostur

# Einn sem kemur á óvart

## Margir munu fagna einum af fáum jeppum sem enn eru smíðaðir á grind, en með Rexton fæst í senn frábærlega vel búinn bíll með ógnarmikið rými, hlaðinn búnaði og með flotta innréttingu.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Kóreski bílaframleiðandinn SsangYong hefur borið til þess gæfu að framleiða eingöngu jeppa og jepplinga frá upphafi. Þar hitti fyrirtækið í mark á tímum jeppa- og jepplingaæðisins sem nú gengur yfir heiminn. Einn þeirra bíla sem ávallt hefur gengið ágætlega að selja frá SsangYong er Rexton-jeppinn sem kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2001. Fyrsta kynslóð bílsins varð ansi langlíf, eða til ársins 2017, með tveimur andlitslyftingum þó, en það ár var þessi nýi Rexton fyrst kynntur í heimalandinu S-Kóreu. Flestir jeppar nútímans eru ekki lengur byggðir á grind og því fagna því margir að einhverjir slíkir skuli vera eftir, en það á við um þennan Rexton og Toyota Land Cruiser. Þeir sem fagna jeppum á grind verða líka að láta af fordómum gagnvart SsangYong-bílamerkinu sem ekki hefur verið mjög áberandi á íslenska bílamarkaðnum frá því að Musso seldist hér í skipsförmum um árið. Þeir sem losnað hafa við fordómana í garð bílamerkjanna Hyundai og Kia, sem einnig eru frá S-Kóreu, ættu líka að losa sig við þá í tilviki SsangYong, því með þessum Rexton-jeppa og fleiri bílum SsangYong eru komnir bílar sem sannarlega eru peninganna virði.

### Ferlega flottur að innan

SsangYong hefur hingað til ekki verið það bílamerki sem þekktast er fyrir snilldarlega ytri hönnun bíla sinna og margan forljótan bílinn hafa þeir teiknað. Það er þó á undanhaldi nú og þessi Rexton er líklega besta dæmið um það. Hann er hinn laglegasti og kraftalegur á velli. Ekki sæmir annað bílum sem geta togað þriggja tonna aftanívagn, er með millikassa og hátt og lágt drif og því mjög torfæruhæfur. Sé bíllinn álitlegur að utan má alveg missa niður kjálkann þegar inn er komið, svo laglegur er hann. Reyndar minnir innréttingin á miklu dýrari lúxusbíla með tvöfaldan verðmiða. Efnisvali og frágangi er þannig háttað að taka má ofan fyrir þeim SsangYong-mönnum. Sæti klædd stungnu Nappa-leðri, stungin og gullfalleg leðurklæðning í mælaborð, hiti í stýri og hiti í öllum sætum og kæling að auki í framsætunum er ekki eitthvað sem maður á að venjast í bílum sem ekki falla í lúxusbílaflokk og kosta svo lítið. Rými í Rexton-bílnum er svo kapítuli út af fyrir sig, en bíllinn er bæði breiðari og lengri en Land Cruiser og þá má ímynda sér rýmið fyrir farþega. Með aftursætin niðri er svo farangursrýmið 1.806 lítrar.

### Undir uppgefinni eyðslu

Reynsluakstur á Rexton var að stórum hluta fólginn í akstri á Snæfellsnesi og þar reyndist hann ári þægilegur ferðafélagi. Það vakti strax athygli farþega hve hljóðlátur bíllinn var og þar minnti hann einnig á lúxusbíla. Annað mjög jákvætt var fólgið í eyðslu bílsins. Uppgefin eyðsla frá framleiðanda í blönduðum akstri er 8,3 l en í langakstrinum vestur var hún minni en það, afar sjaldgæf sjón! Eina vélin í boði í Rexton hérlendis er 2,2 lítra dísilvél, 181 hestafl og með 420 Nm tog. Fyrir 2,1 tonna bíl virkar hún öflugri en hestaflatalan segir til um og virkar bíllinn ávallt frískur og virðist sjaldan skorta afl. Í reynsluakstursbílnum var vélin tengd við 7 gíra sjálfskiptingu frá Mercedes Benz sem hagaði sér eins og vel upp alið snyrtimenni. Það má þó fá Rexton með 6 gíra beinskiptingu í ódýrustu LXútgáfunni, en þannig kostar hann bara 6.990.000 kr. og verða það að teljast mjög góð kaup. Flestir freistast þó til að fá bílinn í allri þeirri dýrð sem að ofan er upptalin, með Nappa-leðrinu og öllu, en í dýrustu HLX-útgáfunni kostar hann 8.990.000 kr.



SsangYong Rexton hefur tekið stórtækum breytingum og er orðinn hinn laglegasti bíll og í senn kraftalegur. Hér fer stærri bíll en t.d. Toyota Land Cruiser.





Innréttingin í Rexton kemur eins og margt annað á óvart fyrir gæði og útlit. Sjö sæti er staðalbúnaður.

### 7 sæta torfærujeppi

Í borgarakstri er Rexton álíka lipur og gera má kröfu um fyrir svo stóran jeppa. Sjálfstæð fjöðrunin að aftan hjálpar honum, en þó vafalaust meira í torfærunum sem hann fékk reyndar ekki að kynnast nógu vel að þessu sinni. Hann ætti þó að vera ákaflega fær um þær sökum mikillar veghæðar, lága drifsins og læsta millikassans. Þessi bíll ætti að rúlla upp Sprengisandi með útúrdúrum með stæl. Furðu sætir hve bíllinn er hlaðinn búnaði og ekki má gleyma því að hann er í staðalbúnaði með 7 sætum en öftustu tvö sætin falla alveg flöt niður og skapa frábært farangursrými. Með 70 lítra tanki má vafalaust fara á honum yfir 1.000 km í sparakstri, en hver nennir því? Rexton er nú þegar orðinn verðlaunaður bíll og 4x4 Magazine valdi hann Bíl ársins þar sem hann hafði sigur gegn ekki ómerkari bílum en Toyota Land Cruiser, Mercedes Benz G-Class, Mitsubishi Pajero, Jeep Wrangler og Skoda Kodiaq. Ekki slæmur dómur þar og að auki valdi blaðið hann bestu kaupin. Með Rexton er kominn afskaplega vænn kostur fyrir þá sem kjósa bíl á grind, sem má fyrir vikið breyta og setja á stærri dekk, en líka fyrir þá sem vilja flottan jeppa sem kostar hóflega.




Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is
kemi

# BÍLAR

# BMW M135i fær 302 hestöfl

BMW hefur hannað frá grunni 1-Series bíla sína og verður afraksturinn kynntur seinna á árinu, en þar fer minnsti framleiðslubíll BMW. Lokaprófanir fara nú fram á bílnum á Miramas-svæðinu í S-Frakklandi, en þar er reynsluakstursbraut í eigu BMW. Sú meginbreyting er á BMW 1-Series að hann fer úr afturhjóladrifnum bíl í framhjóladrifinn. Kraftaútgáfa 1-Series, þ.e. BMW M135i xDrive fær hins vegar fjórhjóladrif og 302 hestöfl undir húddið.


BMW 1-Series er nú í prófunum og verður sýndur í Frankfurt í haust.

**» Lokaprófanir fara nú fram á bílnum á Miramas-svæðinu í Suður-Frakklandi.**

Öll þessi hestöfl koma frá öflugustu fjögurra strokka vél sem BMW hefur framleitt, en hún er aðeins með 2,0 lítra sprengirými. Tog vélarinnar er 450 Nm. Þessa vél má reyndar einnig finna í BMW X2 M35i jepplingnum og þar skilar hún jafn mörgum hestöflum. BMW M135i xDrive á að keppa við sambærilega bíla hinna þýsku lúxusbílaframleiðendanna, þ.e. kraftabílana Audi RS3 og Mercedes A45 AMG. Búast má við því að BMW sýni 1-Series bílinn á bílasýningunni í Frankfurt í september komandi.


Hyundai Venue tilraunabíllinn.

## Enn minni jepplingur frá Hyundai

Stærstu bílasýningar heims eru stærsti vettvangur bílaframleiðenda til frumsýninga á sínum nýju bílum og stutt er í næstu stóru sýningu, þ.e. New York Auto Show. Þar ætlar til dæmis Hyundai að frumsýna nýjan mjög lítinn jeppling sem er minni en núverandi Kona-jepplingur. Þessi bíll mun fá nafnið Venue og er svokallaður borgarjepplingur og þar af leiðandi ekki mjög hæfur til utanvegaaksturs.

Þessi flokkur bíla er sá sem stækkar hraðast af öllum flokkum bíla í heiminum í dag og e kallaður uppá enska tungu „A-segment crossover“. Útlit Venue-bílsins er talsvert ólíkt Kona og það var meiningin að skilja þá mjög að í útliti og verður bíllinn kassalaga og djarflega teiknaður og minnir dálítið á bull dog hunda. Hyundai hefur ekkert látið uppi um hvernig Venue verður útbúinn, hvorki varðandi vélaúrval né annan búnað. New York Auto Show hefst 17. apríl.


Koenigsegg Jesko er 1.600 hestöfl.

## Koenigsegg Jesko uppseldur

Aðeins tveimur vikum eftir að sænski ofurbílasmiðurinn Koenigsegg kynnti nýjustu afurð sína, Jasko-ofurbílinn, er hann nú uppseldur þar sem ekki stendur til að framleiða nema 125 eintök af bílnum. Á bílasýningunni í Genf kom fram hjá Koenigsegg að þá hafi pantanir í bílinn verið komnar upp í 80 eintök, en nú örfáum dögum síðar eru öll eintökin seld. Hvert eintak af þessum bíl kostar skildinginn, eða 3 milljónir dollara. Það samsvarar yfir 360 milljónum íslenskra króna.

Með þessum pöntunum seldi þessi litli bílaframleiðandi á tveimur vikum bíla að andvirði 45 milljarða króna. Framleiðsla á Koenigsegg Jesko-bílnum hefst á næsta ári og aðeins verður framleiddur einn bíll á hverri viku svo það mun taka fyrirtækið næstum tvö og hálft ár að afgreiða þessar pantanir. Koenigsegg Jesko er enginn smá kraftabíll, enda með 1.600 hestöfl tiltæk og hámarkshraði bílsins er 483 km/klst.



Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is
Umboðsaðilar: Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Banna reykingar í Disney-görðum

**Þeir verða færri og færri staðirnir þar sem reykingafólk getur dregið að sér smók utandyra. 1. maí fækkar þeim stöðum í Bandaríkjunum þar sem má reykja, meðal þeirra eru Disney-garðarnir.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Margir Íslendingar heimsækja Disney-garða og þess vegna er gott að vera með reglurnar á hreinu. Disneygarðar í Flórída og í Kaliforníu verða reyklausir þann 1. maí. „Við viljum að fjölskyldur komi í garðana og upplifi ánægjulega heimsókn," segir Liz Jaeger, talsmaður Disney, í samtali við The New York Times. „Starfsmenn munu biðja reykjandi gesti að yfirgefa garðinn en þeim er uppálagt að framfylgja banninu," segir hún. „Garðarnir eiga að vera reyklausir."

Gestir sem vilja reykja á eignum Walt Disney verða að fara út fyrir öryggissvæðið á sérstaklega merkta staði til þess. Þetta á bæði við um skemmti- og vatnagarða Disney. „Við gerum allt til að gera garðana skemmtilega að heimsækja og þar á meðal viljum við að börn og fullorðnir geti gengið án þess að verða fyrir óbeinum reykingum." Reykingabannið nær einnig til þeirra sem nota rafrettur og veip.

Reykingabannið á eingöngu við Disney-garða í Bandaríkjunum. Bannið gildir því ekki í Disneygörðum í Frakklandi, Kína og í Japan.

Gestir sem reykja í óleyfi á herbergjum hótela í garðinum, á svölum eða veröndum eiga á hættu að verða sektaðir um 250-500 dali. Þurrís sem notaður eru til að halda drykkjum köldum verður sömuleiðis bannaður. Gestir sem koma með drykkjarföng með sér í kæliboxum fá klaka inni í garðinum.

Árið 2015 varð Disney stærsta Hollywood-stúdíóið til að fjarlægja reykingar úr kvikmyndum sem ætlaðar eru yngri áhorfendum. Fyrr á þessu ári var tilkynnt að Disney myndi banna reykingar í kvikmyndum Marvel Studios, Lucas Film, Pixar og Disney.



Það er alltaf mikið um dýrðir í Disney-garðinum í Orlando og skemmtilegar fígúrur á ferðinni.



**Söngkonan Ariana Grande gefur hér Mikka mús koss við kastala Öskubusku í Orlando-garðinum.**

## Engir stórir barnavagnar

Einnig verða teknar upp nýjar reglur varðandi barnavagna sem koma inn á svæðið. Þeir mega ekki vera stærri en 79x132 cm. Foreldrar ungra barna með stóra vagna þurfa að leggja eigin vagni og leigja minni barnavagn eða -kerru í garðinum.

Walt Disney-fyrirtækið er eitt af stærstu fjölmiðlafyrirtækjum heims. Það var stofnað árið 1923 af bræðrunum Walt og Roy Disney. Fyrir utan kvikmyndaverin á fyrirtækið ellefu skemmtigarða ásamt nokkrum sjónvarpsstöðvum. Walt Disney World í Orlando í Flórída var opnaður 1965 en Disneyland í Kaliforníu tíu árum fyrr. Disney-garðarnir eru gríðarvinsælir ævintýraheimar sem meira en 50 milljónir manna heimsækja árlega og eru þeir þar af leiðandi mest sóttu skemmtigarðar í heimi. Garðurinn í Flórída hefur vaxið hratt og svæðið í dag er tvisvar sinnum stærra en Manhattan í New York.

Til gamans má geta þess að á hverjum degi eru steiktir yfir 10 milljón hamborgarar og afgreiddar um 6 milljón pylsur í garðinum. Á hverju ári drekka gestir 13 milljónir flaska af vatni og 75 milljónir Coca-Cola drykkja. Starfsmenn Walt Disney í Bandaríkjunum eru yfir 70 þúsund.







# Heilsubót eða hugarburður?

**Rannsóknir leiða stöðugt í ljós nýjar upplýsingar. Stöðugt virðast koma fram nýjar upplýsingar þar sem staðreyndir telja frekar en tilfinningar.**



**Skrifstofufólk teygir úr sér eftir langan setu á rassinum.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Að standa við skrifborðið

Langtímarannsókn á bakheilsu fjögur þúsund Bandaríkjamanna sýndi að lífslíkur aukast nákvæmlega ekki neitt við það að standa við skrifborðið frekar en að sitja. Staðan brennir að vísu fleiri hitaeiningum svo ef það er aðalmarkmiðið er endilega málið að standa sem lengst.

## Glútensnautt fæði

Minna en tvö prósent einstaklinga þjást af celiac-sjúkdómnum sem á íslensku hefur verið kallaður glútenóþol. Við hin verðum ekki fyrir áhrifum af glúteni. Rannsóknir sýna hins vegar að flestir finna fyrir uppþembu eftir að hafa borðað, hvort sem á matseðlinum er hveiti eða ekki.

## Safadrykkja

Við safagerð úr ferskum ávöxtum og grænmeti hverfa allar góðu og hollu trefjarnar sem við þörfnumst og halda okkur söddum og sælum fram að næstu máltíð. Og eftir situr sykurinn sem hækkar blóðsykur sem eykur hungurtilfinningu. Borðaðu þessa ávexti og grænmetið og drekktu stórt vatnsglas með.



**Safar innihalda mikinn sykur en lítið af hollum trefjum.**

## Handspritt

Reglulegur handþvottur gerir handspritt nánast alveg óþarft. Og ekkert handspritt er jafngóður gerlabani og gamaldags sápa og vatn. Nóróveiran alræmda er til dæmis orðin ónæm fyrir handspritti og fleiri veirur munu fylgja í kjölfarið innan tíðar.

## Að láta braka

Til skamms tíma var almenn vitneskja að það að láta braka í liðum væri ekki bara pirrandi fyrir aðra heldur mjög hættulegt fyrir liði brakarans. Fjölmargar rannsóknir hafa hnekkt þeirri hugmynd og rannsakendur segja jafnvel að liðabrakið sé vísbending um að liðirnir séu vel smurðir og heilbrigðir.

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




BÍLABORG
BILABORG.IS



FORD ESCAPE LIMITED 4x4, Árg. 2008, ekinn 168 Þ.KM, bensín, ssk . Verð 890 þús, Tilboð 690 þús. Möguleiki á 100% fjármögnun. Rnr.123664.



OPEL ANTARA TDI 4WD 05/2008, ek. 164 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Verð 790 þús - möguleiki á 100% láni. Rnr.112039.



MMC PAJERO INSTYLE 08/2007, ek. 225 Þ.KM, dísel, sjálfsk. 7 manna, mikið endurnýjaður. Verð 1.390 þús. TILBOÐ 1150 þús. Rnr.111886.

BÍLABORG
BILABORG.IS



CHRYSLER T&C LX, Árg. 2008, ek. 145 Þ.KM, bensín, sjálfsk. 7 manna, Verð 1390 þús. TILBOÐ 990 þús. Möguleiki á 100% láni. Rnr.111774.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

### Bílar til sölu



**38" TOYOTA LANDCRUISER 150**
Ek. 120 þ.km, nýsk. 06/15 og sk. 2021. Fox fjöðrun, loftlæsingar, aukatankur, led kastarar, stuðaragrind, loftdælur, kraftkubbur o.fl. Verð 9.7 m.kr. Uppl. 6609970.

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



**Honda CR-V Executive** — **kr. 3.790.000**
Nýskráður 10/2015, ekinn 56 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Afborgun kr. 49.241 á mánuði*



**Honda CR-V Elegance** — **kr. 3.590.000**
Nýskráður 4/2016, ekinn 41 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Afborgun kr. 46.651 á mánuði*



**Honda CR-V Executive** — **kr. 3.390.000**
Nýskráður 11/2014, ekinn 65 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Afborgun kr. 44.061 á mánuði*



**Honda CR-V Lifestyle** — **kr. 1.890.000**
Nýskráður 5/2011, ekinn 147 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda CR-V Panorama** — **kr. 990.000**
Nýskráður 10/2007, ekinn 180 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Allt að 100% fjármögnun í boði

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTINGAR

## Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns l.áfanga, Koparhella 5 og Silfurhella 5

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti á fundi sínum þann 20.02. 2019 samþykkt skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar, dags. 12.02. 2019, um tillögu að breyttu deiliskipulagi Kapelluhrauns l. áfanga og að skipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.**

Breytingin felst í að lóðunum Koparhellu 5 og Silfurhellu 5 verði skipt í 3 lóðir, þ.e. Koparhellu 5 og Silfurhellu 3 og 5. Byggingarreitir hafa jafnframt verið stækkaðir skv. tillögunni.

## Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, Óseyrarbraut 16 – 20

**Bæjarstjórn og hafnarstjórn Hafnarfjarðar staðfestu á fundum sínum þann 06.03. 2019 samþykkt skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar, dags. 26.02.2019, um tillögu að breyttu deiliskipulagi vegna lóða nr. 16, 18 og 20 við Óseyrarbraut og að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í að lóðirnar Óseyrarbraut 16 og 20 sameinist í Óseyrarbraut 16 og kvöð á milli lóðanna verði felld niður. Byggingarreitir lóðanna sameinist í einn og verði stærri en þeir sem fyrir eru. Innkeyrslum á lóðina verði fjölgað og hliðrað. Sameiginleg aðkoma að lóðum 18 og 20 verði felld niður og aðkoma að lóð nr. 18 færð. Ný lóð fyrir spennistöð verði skilgreind og verði nr. 20a. Mesta hæð bygginga verði 22m og nýtingarhlutfall verði 0,3.

## Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurvegar, Flatahraun 11 og 13, breytt aðkoma

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfesti á fundi sínum þann 06.03. 2019 samþykkt skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar, dags. 26.02.2019, um tillögu að breyttu deiliskipulagi vegna lóða nr. 11 og 13 við Flatahraun og að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felur í sér hliðrun á innkeyrslu að Flatahrauni 13, inn- og útkeyrslu að Flatahrauni 11 verði breytt og aksturstefnu snúið þar við, bættar gönguleiðir við báðar lóðirnar, ásamt bættu umferðaröryggi og umferðarflæði á Flatahrauni.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhellu 2, frá 2. apríl til 13. maí 2019. Einnig er hægt að skoða deiliskipulagstillögurnar á **hafnarfjordur.is**.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 13. maí 2019.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

K2

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**Nympha-dora**

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu




**AFMÆLISTILBOÐ Í MARS !**

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

## Tilkynningar

### Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:**

**Deiliskipulagstillaga fyrir Hrífunes, Landnr. 163373**

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er landnotkun fyrir Hrífunes (Landnr. 163373) skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði.

Núverandi byggingar á lóðinni eru Gistihús byggt 1947 (Mhl 04), Gisthús byggt 1954 (Mhl 03) og Gistihús byggt 2014 (Mhl 05).

Skilgreindur er nýr byggingarreitur samtals 375 m2 fyrir viðbyggingu/stakstæða byggingu austanmegin við núverandi gistihús (Mhl 04). Byggingin rúmar gistiherbergi ásamt íbúð fyrir staðarhaldara. Byggingin er einnar hæðar með kjallara. Leyfilegt byggingarmagn á reitnum er 420 m2.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með miðvikudeginum 3.april til 22.maí 2019. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps***


# NÝLEGIR TOYOTA YARIS 2017*

GÓÐUR BÍLL BETRI DÍLL

Til afgreiðslu **strax**
**Komið** og reynsluakið

Allt að 100% lánamöguleikar

AÐEINS 19 ÞÚS Á MÁNUÐI** 80%lán



**Vel búnir**

√ Bluetooth √ Hiti í sætum √ Akreinavari
√ Árekstrarvari √ USB og Aux tengi √ Til í ýmsum litum

Yaris 1,0 bensín beinskiptir árg 2017 eknir frá 43 þús.
Bíll á mynd getur verið frábrugðin sölubíl

VERÐ FRÁ KR. 1.390 ÞÚS. STGR.

** Miðað við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95%. ÁHK 9,64%

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
...á verði fyrir þig!




LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið viftur.is

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

LG
Life's Good

# PÁSKATILBOÐ

## NJÓTTU PÁSKANNA Í BETRI UPPLAUSN




## FULLKOMINN LITUR Á FULLKOMNUM SVÖRTUM

LG OLED B8 SJÓNVÖRP MEÐ ACTIVE HDR MYNDTÆKNI, ÖFLUGU DOLBY ATMOS HLJÓÐKERFI OG MAGIC REMOTE FJARSTÝRINGU

LG-OLED55B8 55" ~~234.990~~ KR. **TILBOÐ 199.990 KR.** | LG-OLED65B8 65" ~~389.990~~ KR. **TILBOÐ 349.990 KR.**

---




Panasonic

## GLÆSILEGT SNJALLSJÓNVARP

4K UHD SJÓNVARP MEÐ MULTI HDR TÆKNI OG QUAD CORE PRO ÖRGJÖRVA.

PAN-TX65FX600E 55" ~~219.990~~ KR. **TILBOÐ 169.990 KR.**




UNITED

## EINFÖLD OG NOTENDAVÆN 4K LED SJÓNVÖRP

UNI-LED55X18 55" ~~69.990~~ KR. **TILBOÐ 49.990 KR.** | UNI-LED65X18 65" ~~99.990~~ KR. **TILBOÐ 79.990 KR.** | UNI-LED75X18 75" ~~199.990~~ KR. **TILBOÐ 149.990 KR.**

---

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | Lágmark °C | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 7 |
| Ísafjörður | -6 | 4 |
| Akureyri | -2 | 7 |
| Egilsstaðir | -1 | 10 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 5 |
| Hveravellir | -8 | 10 |

Fremur hæg suðlæg eða breytileg átt og él, einkum sunnan til á landinu. Snjókoma eða él um landið norðanvert, en léttir til sunnanlands, frost 0 til 5 stig. Mun hvassara í vindstrengjum suðaustan til. Lægir síðdegis, styttir upp og kólnar meira og bjartviðri S- og V-til.

## Miðvikudagur

| Staður | Lágmark °C | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 11 |
| Ísafjörður | 0 | 13 |
| Akureyri | 4 | 3 |
| Egilsstaðir | 2 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 0 | 7 |
| Hveravellir | -4 | 12 |

## Fimmtudagur

| Staður | Lágmark °C | Hámark |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 1 |
| Ísafjörður | 0 | 2 |
| Akureyri | 1 | 1 |
| Egilsstaðir | 1 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 2 |
| Hveravellir | -1 | 8 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 þannig
5 ábreiða
6 átt
8 ærslabelgur
10 tveir eins
11 umyrði
12 hrumur
13 eining
15 uppruni
17 rógberi

**LÓÐRÉTT**
1 slóra
2 kast
3 álag
4 skaprauna
7 orðaskipti
9 töluvert
12 stórra her-bergja
14 málmur
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1** svona, **5** lak, **6** nv, **8** æringi, **10** pp, **11** orð, **12** skar, **13** stak, **15** tilurð, **17** naðra.
**LÓÐRÉTT: 1** slæpast, **2** varp, **3** oki, **4** angra, **7** við-ræða, **9** nokkuð, **12** sala, **14** tin, **16** rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Samisch átti leik gegn Reinmann í Bremen árið 1927.
**1. He7! Dxe7** (1.... Bxe7 2. Df7#). **2. Dd5+ 1-0.** Róbert Lagerman sigraði á Páskamóti Vinaskákfélagsins í gær. Guðni Stefán Pétursson varð annar og Gunnar Freyr Rúnarsson þriðji. Í dag fer fram Íslandsmót öldunga (65). Í gær, 1. apríl, voru sögð stórtíðindi af AlphaZero á www.skak.is.

**www.skak.is:** Íslandsmót öldunga 65+

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

## Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is


Tríó breska saxófónleikarans Tom Waters kemur fram í kvöld á Kex hosteli.

### 2. APRÍL 2019

**Hvað?** Fyrirlestur um kirkjugripi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu
Þór Magnússon, fornleifafræðingur og fyrrverandi þjóðminjavörður, fjallar um heimildir um skráningu, rannsóknir og varðveislu kirkjugripa. Fyrirlesturinn tengist yfirstandandi hátíðarsýningu í Þjóðminjasafni Íslands sem bera yfirskriftina Kirkjur Íslands. Gestum gefst tækifæri til að skoða sýningarnar að fyrirlestri loknum. Allir eru velkomnir endurgjaldslaust.

**Hvað?** Hádegistónleikar í Hafnarborg
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði
Sigrún Pálmadóttir sópransöngkona kemur fram ásamt Antoníu Hevesi. Þær flytja aríur eftir Künneke, Lehár, Siezynski og Strauss.

**Hvað?** Guðrún Eva Mínervudóttir á bókmenntakvöldi
**Hvenær?** 19.30-20.30
**Hvar?** Bókasafni Seltjarnarness
Guðrún Eva Mínervudóttir mun lesa upp úr nýjustu bók sinni, Ástin Texas, og segja frá henni. Fyrir hana fékk hún Fjöruverðlaunin í ár. Kaffi og kruðerí. Allir velkomnir.


Sigrún Pálmadóttir söngkona.


Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur verður í Reykholti.

**Hvað?** Hljómlist án landamæra
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Hljómahöll, Hjallavegi 2, Reykjanesbæ
Einstakir tónleikar fatlaðra og ófatlaðra tónlistarmanna. Fram koma meðal annarra: Páll Óskar, Salka Sól, Ingó veðurguð, Rakel Pálsdóttir, Gunni og Felix og fleiri. Ókeypis aðgangur meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Fyrirlestur
**Hvenær?** 20.30.
**Hvar?** Bókhlöðu Snorrastofu í Reykholti
Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur fjallar um klausturhald, konur og pólitík. Umræður og kaffiveitingar. Aðgangseyrir er 500 krónur.

**Hvað?** Tom Waters Trio – Jazzkvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hosteli, Skúlagötu 28, R.
Tríó breska saxófónleikarans Tom Waters kemur fram í kvöld. Með honum leikur Cody Moss á hljómborð og Jack Thomas á trommur. Þeir flytja tónlist sem er á mörkum djass, blús og fönks. Tom Waters er aðeins átján ára gamall en hefur þegar vakið mikla athygli. Hefur meðal annars leikið með The Rolling Stones, Ray Davis, Jools Holland og föður sínum, píanóleikaranum Ben Waters, sem talinn er fremsti búgí-vúgí-píanóleikari Breta. Aðgangur er ókeypis.

# Hin dásamlega Matthildur

BÆKUR

**Matthildur**
★★★★★
**Höfundur:** Roald Dahl
**Þýðing:** Sólveig Sif Hreiðarsdóttir
**Útgefandi:** Kver
**Blaðsíður:** 233

Söngleikurinn Matthildur er að slá í gegn í Borgarleikhúsinu og vekur verðskuldaða athygli á yndislegri bók eins besta barnabókahöfundar sem heimurinn hefur átt. Bókin var nýlega endurútgefin hér á landi vegna sýninga á söngleiknum.

Matthildur er ein ástsælasta persóna sem Roald Dahl skapaði á sínum mjög svo farsæla ferli. Hún er undrabarn, hreinlynd, heiðarleg, kappsöm og með sterka réttlætiskennd. Meinið er að hún lifir og hrærist í umhverfi þar sem hæfileikum hennar er ekki veitt nein athygli. Fjölmargar bækur hafa verið skrifaðar um þjáningar munaðarleysingjans og koma þá Oliver Twist og Harry Potter upp í hugann. Hin sláandi staðreynd er að það eru foreldrar Matthildar sem vanrækja hana, tilvist hennar er þeim beinlínis til ama og þau telja hana fávísa og heimska. Matthildur þarf að spjara sig og til að það takist þarf hún að sýna styrk og kænsku. Það sakar svo sannarlega ekki að hún býr yfir undraverðum hæfileika sem nýtist henni einkar vel.

**Hemingway heillar**

Roald Dahl taldi sig hafa því hlutverki að gegna að laða börn að bóklestri. Í barnabókaflóru heimsins hlýtur Matthildur að vera bókelskasta barnið. Þriggja ára hefur hún kennt sér að lesa og rúmlega fjögurra ára er hún búin að lesa allar barnabækurnar á bókasafninu og farin að lesa fullorðinsbækur. Dahl birtir lista yfir meistaraverkin sem hún les, og er um leið greinilega að beina athygli ungra lesenda sinna að þeim og hvetja þá til lesturs. Um Hemingway segir Matthildur: „Hann segir hlutina þannig að mér finnst eins og ég sé á staðnum að fylgjast með öllu.“ Bókavörðurinn segir að góðir rithöfundar beiti þessu stílbragði og gefur Matthildi eitt besta ráð sem hægt er að gefa lesanda: „Hafðu ekki áhyggjur af því sem þú skilur ekki ... Hallaðu þér bara aftur og leyfðu orðunum að dansa í kringum þig eins og tónlist.“

Matthildur kvartar undan því að það vanti húmor í bækur C.S. Lewis og segir Tolkien einnig skorta kímnigáfu. Hún segir að allar bækur fyrir börn ættu að geyma húmor, og er þar örugglega að enduróma skoðanir Dahls.


Roald Dahl.

**Barátta góðs og ills**

Matthildur er ekki síst bók um bækur og töfraheima bóka. Söguþráðurinn sjálfur snýst hins vegar um samband barna og fullorðinna. Þar kemur grimmdin við sögu og líkamnast í skólastjóranum skelfilega, Krýsu, sem allir hræðast. Margt er kómískt í fari foreldra Matthildar sem eru sauðheimskir, en Krýsa er ill út í gegn. Hrollur hlýtur að fara um saklausar litlar sálir í hverjum þeim kafla þar sem Krýsa kemur við sögu. Allt bráðnar í návist þessarar ógurlegu konu, líka járnstangir. Hún er morðingi sem hefur lagt sig sérstaklega fram við að gera líf frænku sinnar, Unu, sem ömurlegast.

Vitanlega fer allt vel að lokum í bók þar sem hið góða og illa tekst á. Fallegustu lýsingar bókarinnar fjalla um hina hreinu og tæru vináttu milli Unu og Matthildar sem ekkert fær unnið á.

Ekki er svo annað hægt en að bera lof á hinar stórskemmtilegu teikningar Quentins Blake.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær og fyndin barnabók með yndislegri söguhetju sem býr yfir heillandi styrk og gáfum.




**HROLLUR HLÝTUR AÐ FARA UM SAKLAUSAR LITLAR SÁLIR Í HVERJUM ÞEIM KAFLA ÞAR SEM KRÝSA KEMUR VIÐ SÖGU.**





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Capernaum (ICE SUB) | 17:30 | Mug // Twarz (ICE SUB) | 20:00 |
| Birds of Passage (ENG SUB) | 17:30 | Everybody Knows (ICE SUB) | 22:00 |
| Shoplifters//Búðarþjófar (ICE SUB) | 17:40 | Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 22:00 |
| Everybody Knows (ICE SUB) | 20:00 | Mug // Twarz (ENG SUB) | 22:30 |
| Arctic (ICE SUB) | 20:00 | | |






• Fræðsla
• Ráðgjöf
• Forvarnir

“Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.,,

*Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is*



Doktor.is




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2013-2014 Garðabær - Reykjanesbær**
**14.00 Andri á Færeyjaflandri**
**14.30 Íslenskur matur** Léttur þáttur á fróðlegu nótunum um það hvernig hugvit, tækni, menntun og dugnaður umbreyta íslenskri náttúru í matvörur á heimsmælikvarða. Dagskrárgerð: Svavar Halldórsson. e.
**14.55 Græna herbergið**
**15.35 Basl er búskapur**
**16.05 Svikabrögð**
**16.35 Menningin - samantekt**
**16.55 Íslendingar Bríet Héðinsdóttir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Óargardýr**
**18.29 Hönnunarstirnin III**
**18.47 Hjá dýralækninum**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Kveikur**
**20.45 Sue Perkins í Kolkata** Heimildarþáttur frá BBC þar sem leikkonan og grínistinn Sue Perkins ferðast til borgarinnar Kolkata á Indlandi og kynnist menningunni og þeim breytingum sem hafa átt sér stað í borginni á undanförnum árum.
**21.40 Kappleikur** Norskir gamanþættir þar sem atburðum í lífi ungs manns er lýst eins og íþróttaviðburði. Leikstjórn: Martin Lund og Liv Karin Dahlstrøm. Aðalhlutverk: Herbert Nordrum, Fredrik Steen, Martin Lund, Eline Grødal og Nader Khademi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 McMafia** Bresk spennuþáttaröð í átta hlutum um Alex Godman, sem er fæddur og uppalinn á Englandi en á rætur að rekja til rússnesku mafíunnar. Allt sitt líf hefur hann reynt að losna undan glæpatengslum fjölskyldu sinnar og nú er hann í heiðarlegri atvinnu og hefur líf með kærustu sinni. En þegar fortíð fjölskyldu hans kemur skyndilega í bakið á honum dregst hann inn í heim glæpa. Aðalhlutverk: James Norton, Merab Ninidze og Kirill Pirogov. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Fortitude** Önnur þáttaröð af þessum spennumyndaflokki sem tekinn er hér á landi. Sagan gerist í þorpi á norðurhjara. Hrottalegur glæpur skekur þorpssamfélagið sem þekkt er fyrir friðsemd og nánd íbúanna. Leikstjóri: Sam Miller. Leikarar: Björn Hlynur Haraldsson, Sofie Gråbøl, Mia Jexen, Luke Treadaway, Jóhann G. Jóhannsson og Dennis Quaid. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.05 Kastljós**
**00.20 Menningin**
**00.30 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 WGC. Dell Technologies Match Play**
**14.00 WGC. Dell Technologies Match Play**
**20.00 Golfing World**
**20.50 WGC. Dell Technologies Match Play**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Life in Pieces**
**14.10 Survivor**
**14.55 Survivor**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Will and Grace**
**20.10 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 FBI**
**21.50 The Gifted**
**22.35 Salvation**
**23.20 The Tonight Show**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Kverkatak Kverkatak - 3. þáttur - Börn og aðrir aðstandendur**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Plágan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 Ghostbusters**
**13.25 The Swan Princess. A Royal Myztery**
**14.45 Trumbo**
**16.50 Ghostbusters**
**18.35 The Swan Princess. A Royal Myztery**
**19.55 Trumbo**
**22.00 American Honey**
**00.45 Sausage Party**
**02.15 Meet the Blacks**
**03.50 American Honey**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Suits**
**10.20 Divorce**
**10.50 Í eldhúsi Evu**
**11.25 Út um víðan völl**
**12.00 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor UK**
**13.45 The X-Factor UK**
**15.10 The X-Factor UK**
**15.55 Mom**
**16.15 The Bold Type**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 The Goldbergs**
**19.50 Lego Masters**
**20.40 The Village**
**21.25 The Enemy Within**
**22.10 Blindspot**
**22.55 Strike Back**
**23.50 Last Week Tonight with John Oliver**
**00.20 Grey's Anatomy**
**01.05 Lovleg**
**01.30 You're the Worst**
**01.55 Mr. Mercedes**
**02.50 Mr. Mercedes**
**03.45 Mr. Mercedes**
**04.35 Gone**
**05.20 Gone**

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute**
**21.40 Flash**
**22.25 Game Of Thrones**
**23.35 Supernatural**
**00.20 Man Seeking Woman**
**00.40 All American**
**01.25 The Last Man on Earth**
**01.50 The Simpsons**
**02.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 FH - Valur**
**08.30 Seinni bylgjan**
**10.00 Sevilla - Valencia**
**11.40 Barcelona - Espanyol**
**13.20 Spænsku mörkin**
**13.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**14.15 Football League Show**
**14.45 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**17.40 Premier League Review**
**18.35 Wolves - Manchester United** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Watford - Fulham**
**22.25 2013 Miami Heat NBA Championship Film**
**23.35 Cagliari - Juventus**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 West Ham - Everton**
**08.40 Fulham - Manchester City**
**10.20 Sampdoria - AC Milan**
**12.00 Inter - Lazio**
**13.40 Ítölsku mörkin**
**14.05 Domino's-deild karla**
**15.45 Arsenal - Newcastle**
**17.25 Atletico Madrid - Girona** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**19.25 Villarreal - Barcelona** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.30 AC Milan - Udinese**
**23.10 Domino's-deild kvenna**
**00.50 Valur - Fram**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu
ÞAÐ ER BARA BEST AÐ KYNNAST MÉR TIL AÐ SKILJA MIG BETUR
Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja

# Jökullinn gefur eftir

Mikill fjöldi gesta var í Háskólabíói þegar ráðstefnan Jökullinn gefur eftir var haldin þar. Umhverfismál voru rædd út frá ýmsum mismunandi sjónarhornum en það var 66°Norður sem stóð fyrir viðburðinum.

Ragnar Axelsson, betur þekktur sem RAX, Andri Snær Magnason, Tómas Guðbjartsson, Rakel Garðarsdóttir og Oddur Sigurðsson héldu öll erindi um framtíð jöklanna. RAX sýndi fjölda fallegra mynda úr bók sinni Jökull sem kom út á síðasta ári en bókin hefur að geyma jöklamyndir sem ljósmyndarinn þekkti hefur tekið á síðustu 10 árum.

Þau voru öll sammála um að jöklarnir séu magnað náttúrufyrirbrigði en bráðnun þeirra væri óumflýjanleg. Oddur, sem er jarðfræðingur og sérfræðingur í jöklum, segir jöklana vera áhugaverð náttúrufyrirbrigði, sem geymi magnaða sögu. „Þeir varðveita alla Íslandssöguna, síðastliðin þúsund ár að minnsta kosti, og sú saga er að fara forgörðum og er að hverfa fyrir augunum á okkur. Sú saga mun ekki finnast aftur ef við náum ekki í hana áður en þeir bráðna. Ég tel að það verði ekki komið í veg fyrir það að íslensku jöklarnir bráðni eða svo gott sem. Það er eiginlega sama til hvaða ráða verður gripið, það er ekki hægt að koma í veg fyrir það,“ segir Oddur.

**ÞEIR VARÐVEITA ALLA ÍSLANDSSÖGUNA, SÍÐASTLIÐIN ÞÚSUND ÁR AÐ MINNSTA KOSTI.**



Ómar Ragnarsson, Pálmi Gestsson og Sölvi Axelsson ræddu málin.



Íris Bryde og Þórhildur Fjóla Stefánsdóttir.



Auður Ebenezersdóttir og Helgi Jóhannesson.



Aðalheiður Birgisdóttir og Klara Hallgrímsdóttir.



Tómas Guðbjartsson, Andri Snær Magnason og Ragnar Axelsson héldu allir erindi.



Gestur Ólafsson, Guðrún Sóley Gestsdóttir og Sævar Helgi Bragason.



Rakel Garðarsdóttir hélt erindi á ráðstefnunni.

THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar

**Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10**




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

**Bragi Árnason**, leikari og tónlistarmaður, komst með hugleiðslu í samband við sinn innri marbendil. Glíman við þann innri djöful varð að söngleiknum Þegar öllu er á botninn hvolft sem hann frumsýnir um helgina.



Bragi Árnason tókst á við sinn innri marbendil með ýmsum ráðum og hjálp Brynhildar Guðjónsdóttur sem hjálpaði honum að finna kjarnann í hugmyndunum sem skutu upp kollinum í glímunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Glímir við sinn innri marbendil á sviðinu

Í Þegar öllu er á botninn hvolft: Sjálfsævisaga í söngleik fjallar Bragi Árnason, leikari og tónlistarmaður, um þá innri baráttu sem hann hefur háð, og þá ekki síst við ofsafengna furðuveru, græna fiskinn, einhvers konar marbendil sem hann fann í hugarfylgsnum sínum.

Sviðsverkið er lokaverkefni hans í evrópsku mastersnámi í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi við Listaháskóla Íslands. Leikkonan og leikstjórinn Brynhildur Guðjónsdóttir er leiðbeinandi hans í verkefninu og þá um leið baráttunni við marbendilinn.

„Söngleikurinn byggir á persónulegri sögu minni frá því ég fór í leiklistarnám í London árið 2007 og heldur áfram allt til dagsins í dag,“ segir Bragi. „Þetta er einlægt uppgjör um innri baráttu mína, gleði og sorg, drauma, þrár og hvernig ég komst til manns á þessum mótunarárum þrítugsaldursins.

Ég er náttúrlega mjög leitandi persónuleiki en mig langar líka að sjá hluti gerast. Ég segi nú ekki að ég sé aldrei sáttur en engu að síður er ég alltaf að leita að einhverri lífsfyllingu í verkefnum, prufa nýja hluti og reyna mig. Ég er bara einhvern veginn alltaf í endalausri leit.“



Græni fiskurinn sem Bragi fann innra með sér er erfið og ofsafengin vera að eiga við.

### Þráin ólgar

Bragi lærði leiklist við Kogan Academy of Dramatic Arts í London og segist hafa harkað í borginni í átta ár. Þar og hér heima hefur hann fengist við ýmis verkefni í leik og tónlist. Eftir að hann flutti aftur heim vaknaði hjá honum ólgandi þrá eftir því að gera eitthvað nýtt, læra meira, og hann endaði í náminu sem hann lýkur með því að gera upp við marbendilinn á leiksviðinu.

„Þetta er þroskasaga ungs manns sem tekst á við eigið óöryggi, innri djöfla, reiði og fyrirgefninguna, ástina og húmorinn með einlægri löngun til að hlæja og syngja í oft erfiðum heimi sviðslistaiðnaðarins, bæði í stórborginni og heima,“ segir Bragi sem einnig glímir við eilífðarspurninguna: „Af hverju held ég áfram að gera það sem ég geri?“ Spurningu sem hann svarar með annarri spurningu: „Verð ég ekki að gera mitt besta og halda því áfram?“

### Hlátur marbendilsins

*En hvaða innri djöflar eru þetta sem þú hefur helst tekist á við?*

„Þegar ég lokaði augunum einn daginn og fór að reyna að finna út hvað þetta væri með hugleiðslu þá fann ég einhverja svona skrýtna fiskaveru innan í mér, skrýtinn marbendil eða grænan fisk sem ég er svo búinn að takast á við í sköpunarferli þessarar sýningar.



Brynhildur Guðjónsdóttir.

Ég fór svo svolítið að vinna með þennan karakter, þennan fisk sem segja má að sé í raunveruleikanum svona hálfgert skapofsakvikindi,“ segir Bragi um kvikindið sem á sér birtingarmyndir í „þessi skipti sem ég hef misst stjórn á skapi mínu og gert hluti sem ég kannski sé eftir. Og líka þegar ég hef orðið, hvað skal segja? Sjálfhverfur, bitið eitthvað í mig og reynt að gera hluti án þess að hlusta eftir því hvað fólkinu í kringum mig þótti best að gera í stöðunni hverju sinni,“ segir Bragi og heldur áfram:

„Ég get alveg sagt það að ég fjalla svolítið um líkamlegt og andlegt ofbeldi á báða bóga í samböndum mínum í gegnum tíðina. Ég fer aðeins inn á þetta sem ég er einnig búinn að vera að gera upp í þessu sjálfsuppgjöri sem sýningin er. Þetta er uppgjör og svo er bara að sjá hvort ég nái að sættast við sjálfan mig. Fyrirgefa mér.“

### Leitin að jarðtengingunni

Bragi segir tónlistina hafa hjálpað honum mikið í þessari vinnu og í raun hafi hugmyndavinnan ekki komist almennilega á flug fyrr en eftir að Brynhildur benti honum á að vinna með og út frá lögum sem hann hafði áður samið.

„Þetta hefur reynst mér ákveðin þerapía,“ segir Bragi og bætir við að það sé ekkert leyndarmál að hann hafi verið í listsálfræðimeðferð meðfram sköpunarferlinu.

„Þar er ég að díla við sjálfan mig og alls ekkert að þjösnast neitt. Þetta er bara núvitundarferli þar sem ég leita uppi myndir í kollinum á sjálfum mér, reyni að átta mig á hvað þær tákna og ná þannig meiri og meiri jarðtengingu og tengingu við það sem mig langar virkilega að gera.“

Bragi segist þakklátur fyrir að geta notað tónlistina til þess að skapa eitthvað sem er einlægt og fallegt. „Verkið Þegar öllu er á botninn hvolft er bara hlutir sem hafa átt sér stað og ég hef notað sem efnivið í sögu af manni. Sjálfstæða sögu sem er þegar upp er staðið, leikrit. Um ungan mann sem horfðist í augu við sjálfan sig og hélt áfram að læra. Mann sem lenti endalaust á veggjum hér og þar en hélt þó áfram.“ Sem sagt, þroskasaga.

Bragi tekur glímuna við marbendilinn í Mengi við Óðinsgötu sunnudagskvöldið 7. apríl klukkan 20. Sýningin er sem fyrr segir lokaverkefni hans en hann vonast til þess að geta endurtekið leikinn ef vel gengur.

**thorarinn@frettabladid.is**




DÍVUR
14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU
SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN
DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS
light taste
sena LIVE
ICELANDAIR
MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAG KL. 12!
senalive.is/divur


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

AÐEINS
**873 KR.**
Á MANN



# 4 BORGARA TILBOÐ

ALLA ÞRIÐJUDAGA




**3.490 kr.**

4 Original kjúklingaborgarar
og 2 lítrar gos

KFC

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000
Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Hauks Arnar Birgissonar



# Íþrótt?

Ég get verið soddan klaufi. Alltaf tekst mér að móðga einhvern. Það er reyndar orðið mjög erfitt að komast hjá því, ef maður ætlar á annað borð að tjá sig um menn og málefni. Ég skrifaði pistil einhvern tímann á síðasta ári um það hversu móðgað fólk getur verið, svona almennt séð. Hneykslunargjarnt. Nokkrir móðguðust við skrifin.

Í síðasta pistli mínum hér í blaðinu gerðist ég sekur um að draga í efa að ein íþróttagrein væri í raun og veru íþróttagrein. Margir urðu ósáttir. Meira að segja einn af mínum uppáhalds tónlistarmönnunum. Það þótti mér leitt.

Þótt ég hafi stundað íþróttir allt mitt líf, mun ég seint teljast íþróttamaður. Fyrir það er ég orðinn of gamall og þungur. Í dag er golfið mín eftirlætis íþrótt (sem tengist þó hvorki aldri mínum né þyngd). Sumum finnst golf ekki vera íþrótt og ég heyri nánast vikulega að golf sé bara fyrir „gamalt fólk og aumingja“. Eflaust gæti einhver móðgast yfir slíkri yfirlýsingu. Fólk hefur nú móðgast fyrir hönd annarra af minna tilefni.

En þetta er auðvitað algjör vitleysa! Golf er móðir allra íþrótta. Þetta vita allir og þetta ætti í raun að standa í nýju stjórnarskránni. Hreyfingin, útiveran, félagsskapurinn og einbeitingin sem þarf á 18 holu golfhring er bæði krefjandi og skemmtileg. Það þekkja allir sem hafa prófað.

Svo er golfið líka grjóthart. Ég fullyrði að hvergi finnst sú íþrótt önnur, sem leikin er á keppnisvelli þar sem búa morðóðar kríur, krókódílar og höggormar, þar sem leikið er innan um þrumur og eldingar – í stöðugri lífshættu. Maður þarf eiginlega að vera ofurhugi til að hætta sér á völlinn – sannkallaður áhættufíkill.







